Í fyrsta lagi vefengdu norsk stjórnvöld það hvernig kvartandi hefði getað flokkað verkefni sem of nærri markaði. Enn fremur vefengdu þau hvernig kvartandi gæti haldið því fram að niðurstöðum rannsókna og þróunarstarfs hefði ekki verið miðlað þrátt fyrir þá staðreynd að Marintek hafi fengið eignarétt á áætluninni. Að síðustu vefengdu þau hvernig kvartandi gæti staðhæft að eiginfjárframlög þátttökufyrirtækjanna hefðu í raun verið lægri en á umsóknareyðublöðunum. Samkvæmt RRN hafi beiðni kvartanda um að fá aðgang að umsóknareyðublöðum og samningum um rannsóknir og þróunarstarf verið synjað á grundvelli trúnaðarskyldu. Í ljósi þessara atriða töldu norsk stjórnvöld að staðhæfingar kvartanda væru almennt ekki á rökum reistar. Norsk stjórnvöld bættu við: „Staðhæfingar kvartanda um að eiginfjárframlög viðkomandi fyrirtækja væru lægri en tilgreint væri á umsóknareyðublöðunum fela einnig í sér að þessi fyrirtæki eru sökuð um að misnota ríkisadstoð. Þetta vekur einnig spurningar um réttaröryggi fyrirtækjanna sem tóku þátt í Turborouter-verkefnum. Þessar staðhæfingar kvartanda verða því að byggjast á rökum.“

#### 5.1.2 Athugasemdir frá Rannsóknaráði Noregs

Í hjálögðu bréfi með framangreindu bréfi frá umbóta- og stjórnsýsluráðuneytinu gerði Rannsóknaráð Noregs (hér á eftir „RRN“) athugasemdir við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 60/06/COL. RRN benti á að það hefði framsent stofnuninni allar tiltækar upplýsingar og útskýringar sem farið væri fram á, þ.m.t. afhending afrita af öllum gögnum um verkefnið vegna verkefnanna fjögurra sem vörðuðu þróun Turborouter með stuðningi fjármagns frá RRN. Samkvæmt RRN var eina umræðuefnið á fundum og í bréfaskriftum, þar til bréfið frá norskum stjórnvöldum frá 20. júní 2003 barst, rétt flokkun verkefna samkvæmt leiðbeiningunum um aðstoð vegna rannsókna og þróunar.

Að því er varðar lýsinguna á verkefnum taldi RRN að töflurnar í lýsingunni á fjármögnun verkefnisins í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 60/06/COL samsvöruðu ekki fullkomlega tölunum sem tilgreindar væru í textanum. Fjármagnið sem RRN veitti til verkefnanna samanstæði af tveimur hlutum. Annar hluti fjármagnsins frá RRN væri í reynd einkafjármagn frá samtökum skipaiegenda í Noregi, en afgangurinn væri opinbert fé. Í töflunni hér á eftir, sem er sú sama og send var Eftirlitsstofnun EFTA í bréfinu frá 11. apríl 2003, er staðan sýnd. Að því er varðar verkefni 138811 AlgOpt sýnir taflan í ákvörðun 60/06/COL tölurnar eins og þær voru við upphaf verkefnisins. Meðan á framkvæmdinni stóð fékk verkefnið 100 000 NOK viðbótarfjármagn og af því komu 25 000 NOK frá RRN.

1. tafla: Verkefni sem fengu stuðning frá RRN og varða þróun Turborouter

	Verkefni 40049		Verkefni 144265		Verkefni 138811		Verkefni 144214	
	1000 NOK	%	1000 NOK	%	1000 NOK	%	1000 NOK	%
	Stefnumótandi starfsemi á sviði sjóflutninga og vöruferilsstjórnunar		Shiplog II		AlgOpt		Safn bestunarstefja fyrir áætlanagerð í sjóflutningum	
Eigið fé	4 500	43	800	13	625	61	1 950	28
Annað einkafjármagn	0	0	3 250	52	75	7	2 750	39
Annað opinbert fé	0	0	0	0	0	0	0	0
RRN-áætlunin MARITIM	6 000	57	2 150	35	325	32	2 300	33
þar af NSA	1 380	13	750	12	120	12	805	12
<b>þar af opinbert</b>	<b>4 620</b>	<b>44</b>	<b>1 400</b>	<b>23</b>	<b>205</b>	<b>20</b>	<b>1 495</b>	<b>21</b>

<b>Heildarfjármagn</b>	<b>10 500</b>	<b>100</b>	<b>6 200</b>	<b>100</b>	<b>1 025</b>	<b>100</b>	<b>7 000</b>	<b>100</b>
Starfsfólk og óbeinn kostnaður	8 700	83	800	13	545	53	4 100	59
Kaup á R&D	600	6	2 150	35	380	37	2 900	41
Búnaður	450	4	100	2	0	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	750	7	3 150	51	100	10	0	0
<b>Heildarkostnaður</b>	<b>10 500</b>	<b>100</b>	<b>6 200</b>	<b>100</b>	<b>1 025</b>	<b>100</b>	<b>7 000</b>	<b>100</b>
Samningsaðili	Marintek		UECC		Beltship Management AS		Beltship Management AS	
Þátttakendur	NTNU		Marintek R.S. Platou Shipbrokers Iver Ships AS LogIT AS Lorensen & Stemoco AS Astrup Fearnleys AS DFDS Tollpost Globe Shipnet AS Wallenius Wilhelmsen SINTEF Tele og data		Marintek		Marintek Iver Ships AS Shipnet AS Laycon Solutions AS	
Tímabil verkefnis	jan. 1996–des 1998		jan. 2001–des 2002		jan. 2000–okt. 2000		jan. 2001–des. 2002	

Að því er varðar þá athugasemd Eftirlitsstofnunar EFTA í ákvörðun 60/06/COL að RRN virtist ekki hafa haft eftirlit með því hvernig eigin framlögum styrkþega væri varið til mismunandi starfsemi og hvort þeim væri ráðstafað á skilvirkan hátt taldi RRN að það hefði lýst því hvernig eftirlit væri með styrkhæfum kostnaði áður en styrkur væri greiddur samningsaðilunum og hvernig mismunandi framlögum væri ráðstafað í fyrri bréfaskiptum við stofnunina <sup>(17)</sup>.

Að því er varðar flokkun verkefnanna 138811 AlgOpt, 144265 Shiplog II og 144214 Safn bestunarstefja fyrir áætlanagerð í sjóflutningum, staðfesti RRN að öll þess þrjú verkefni væru flokkuð sem þróunarstarf á forsamkeppnisstigi á grundvelli gagners mats á verkefnaumsóknunum samkvæmt starfsreglum og leiðbeiningum RRN við verkefnamat. Þessum starfsreglum og leiðbeiningum hafi verið komið á til að tryggja að aðstoð, sem veitt væri samkvæmt áætlunum um aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs í iðnaði, væri úthlutað í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í 14. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð.

RRN útskýrði að innra gæðaeftirlitskerfi væri til fyrir starfsemi RRN. Þetta kerfi nefnist DOKSY. DOKSY tekur til margvíslegra gagna, s.s. leiðbeininga, starfsreglna og starfsvenja sem RRN fylgir. Meðal þessara gagna eru leiðbeiningar til að ákvarða aðstoðarhlutfall til styrktra verkefna. Þetta innra skjal DOKSY-5-6-1-4-IE, sem heitir „*Støtteandel etter EØS-bestemmelser*“ (aðstoðarhlutfall samkvæmt EES-reglum), samsvarar leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð vegna rannsókna og þróunar. Í skjalinu eru notaðar skilgreiningar og samsvarandi aðstoðarhlutföll í samræmi við skilgreiningu á mismunandi stigum rannsókna og þróunarstarfs í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð vegna rannsókna og þróunar. Matið og flokkun á öllum verkefnum, sem fengu styrki frá RRN, byggir á DOKSY-leiðbeiningunum.

Auk DOKSY 5-6-1-4-IE hafa öll verkefni eftir 1999 verið metin með aðstoð tölvukerfisins „*Provis*“. Provis er lýst í Doksy nr. 5-6-1-2-EE „*Prosjektvurdering i Provis*“. Í Provis er hvert verkefni metið með hliðsjón af ellefu mismunandi þáttum. Mikilvægustu þættirnir í Provis varðandi flokkun í rannsóknaflokka eru 3. þáttur, „*rannsóknarefni*“, og 9. þáttur, „*viðbótaráhrif*“. Fyrir hvern þátt eru ýmsar viðmiðanir eða eiginleikar notaðir til að meta að hve miklu leyti verkefnið samrýmist þessum þáttum.

Í lýsingunni í leiðbeiningum um mat á 3. þætti í Doksy nr. 5-6-1-2-IE er lögð áhersla á að „*rannsóknarefni gefi til kynna að hve miklu leyti verkefnið leiði til nýrrar þekkingar*“. Þetta viðmið tengist beint lýsingu á iðnrannsóknum í leiðbeiningunum um aðstoð vegna rannsókna og þróunar þar sem gerð er krafa um að starfsemin „*miði að öflun nýrrar þekkingar*“.

<sup>(17)</sup> Einkum í bréfi þess dagsettu 31. janúar 2005, bls. 4.

Í leiðbeiningunum um mat á 9. þætti í Doksy nr. 5-6-1-2-EE er lýsingin á þessa leið: „Viðbótaráhrif gefa til kynna að hve miklu leyti stuðningur frá Rannsóknarráði kallar fram viðleitni, aðferðir, niðurstöður og áhrif sem ekki hefðu orðið án stuðnings. Þetta viðmið tengist leiðbeiningunum um aðstoð vegna rannsókna og þróunar í lið 14.7, Hvatningaráhrif rannsókna- og þróunaraðstoðar.

Á þessum grundvelli færði RRN fram þau rök að þar sem matið á þessum verkefnum hefði alfarið farið fram í samræmi við aðferðir og leiðbeiningar RRN um verkefnumat þyrfti ekki að vefengja að þau væru rétt flokkuð. Eftir að kvörtun var sett fram og Eftirlitsstofnun EFTA hóf frumrannsókn sína skoðaði RRN þessi verkefni aftur og ítrekaði upphaflega afstöðu sína.

„Á fundinum í Brussel 22. maí 2003 var rætt um flokkun á tiltekinni starfsemi í tveimur verkefnanna, nr. 40049 og nr. 144214. Í bréfinu frá 20. júní 2003, þar sem brugðist var við þessum fundi, kynntum við meginsjónarmið RRN, sem voru þau að a.m.k. öll starfsemi í verkefni nr. 40049 gæti flokkast sem iðnrannsóknir og öll starfsemi í verkefni nr. 144214 gæti a.m.k. flokkast sem þróun á forsamkeppnisstigi. Við sýndum Eftirlitsstofnun EFTA hins vegar fram á að heildarfjárhæð aðstoðar, sem veitt var verkefnum, væri innan leyfilegra marka vegins meðaltals eins og skilgreint er í 5. lið í kafla 14.5.2 í leiðbeiningunum um aðstoð vegna rannsókna og þróunar. Í verkefni nr. 144214 á þetta við jafnvel þótt hin umdeilda starfsemi sé ekki styrkt. Hægt er að gera sambærilegt mat og útreikninga í tengslum við verkefni 138811 og 144265. Í þessu samhengi viljum við einnig vísa til þeirrar staðreyndar að öll þessi þrjú verkefni 138811, 144214 og 144265 fólu í sér raunverulegt samstarf milli fyrirtækja og opinberra rannsóknastofnana (í þessu tilviki Marintek). Samkvæmt staflíð b) í 5. lið undirkafla 14.5.3 í leiðbeiningunum um aðstoð vegna rannsókna og þróunar er þessi starfsemi flokkuð sem þróun á forsamkeppnisstigi sem getur fengið 35 % aðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA lét einnig í ljós efasemdir um fjármögnun verkefnanna og aðstoðarhlutföllin. Í staflíð a) í undirkafla 1.3 hér að ofan er gerð grein fyrir þeim smávægilega mun sem er á tölunum sem tengjast verkefni 138811 AlgOpt í 1. og 2. töflu á bls. 17 í ákvörðun 60/06/COL. Réttar tölur þ.m.t. framlög frá samtökum norskra skipaeigenda eru sýndar í töflunni í þeim kafla þessa bréfs“.

Að því er varðar verkefni 144265 Shiplog II færði RRN fram þau rök varðandi þá athugasemd Eftirlitsstofnunar EFTA að aðstoðin sem RRN veitti jafngilti þeirri fjárhæð sem nauðsynleg væri til að kaupa rannsóknir og þróun, að þetta þýddi ekki að einkafjármagn, sem färfest væri í Shiplog II, væri ekki notað í rannsókna- og þróunarstarfsemi: „Í iðnaðarmiðudum verkefnum, sem einkafyrirtæki geta sótt um, hvetjum við alla jafna til samstarfs milli einkafyrirtækja og opinberra rannsókna- og þróunarstofnana. Til að efla slíkt samstarf getum við í sumum tilvikum, þegar kallað er eftir tillögum fyrir iðnaðarmiðuð verkefni, staðhæft að umsóknin verði metin á jákvæðan hátt ef upphæðin vegna utanaðkomandi kaupa á rannsóknnum og þróun frá rannsóknastofnunum (stofnunum eða háskólum) er a.m.k. jafnhá og styrkurinn frá RRN. Markmið þessarar aðferðar er að hvetja einkageirann til frekari fjárfestinga í kaupum á rannsókn- og þróunarþjónustu frá rannsóknastofnunum. Þetta er ástæðan fyrir því að fjármagn frá RRN samsvarar nákvæmlega fjárhæðinni sem nauðsynleg er til að kaupa rannsókn- og þróunarþjónustu í ýmsum verkefnum.“

Í ákvörðun 60/06/COL lét Eftirlitsstofnun EFTA í ljós efasemdir um að þessi aðferð RRN fengi styrkþega til þess að fella venjulegan rekstrarkostnað sinn inn í rannsókn- og þróunarkostnað. Stofnunin varpaði því fram þeirri spurningu hvort tölur fyrir heildarkostnað verkefnisins hafi verið hækkaðar, að því er virtist til þess að fá hærri opinbera fjármögnun. Að mati RRN er ekki hægt að skilja hvernig aðferð RRN með innbyggðum hvata til að stuðla að kaupum á rannsóknnum og þróun gæti leitt til slíks.

Í bréfi sínu til Eftirlitsstofnunar EFTA frá 31. janúar 2005 greindi RRN frá hinni stöðluðu aðferð til að skjalfesta verkefnakostnað sem fylgt var við framkvæmd verkefnanna: „Fyrir viðkomandi verkefni þurfti samningsaðili að leggja fram kostnaðarskýrslu (regnskapsráport) þrisvar á ári þar sem kostnaður verkefnisins var sundurliðaður, þ.m.t. tilgreining á viðkomandi einstaklingum (með nafni), fjöldi vinnustunda hvers einstaklings og kostnaður á klukkustund sem færður var til skuldar í verkefnareikningnum. Skýrsluna undirritaði sá einstaklingur sem bar ábyrgð á verkefninu. Í árslok er einnig farið yfir ársreikninga og þeir undirritaðir af löggiltum endurskoðanda. Endurskoðandinn er utan fyrirtækis samningsaðila. Greiðsla RRN var háð samþykki framlagðra reikninga.“

RRN upplýsti Eftirlitsstofnun EFTA um að það hefði beðið United European Car Carriers (UECC) og Jebsens (arftaka Beltship Management) um frekari upplýsingar um kostnað í tengslum við þessi verkefni. Bréfið frá Jebsens, dagsett 17. mars 2006, og bréfið frá UECC, dagsett 29. mars 2006, voru framsend til Eftirlitsstofnunar EFTA. Kostnaðarskýrslan fyrir verkefnið 144265 Shiplog II, sem send var með bréfinu frá UECC, tekur til undirritaðrar kostnaðaryfirlýsingar frá þátttökufyrirtækjunum. Fyrirtækin höfðu ekkert almennt kerfi til að skrá vinnustundir, sem þýðir að unnar klukkustundir voru eingöngu skjalfestar í kostnaðarskýrslunum sem sendar voru RRN þrisvar á ári. Engin frekari skjalfest gögn eru til. Að mati RRN þýðir þetta að meta verði kostnað verkefnanna út frá tiltækum kostnaði í kostnaðarskýrslunum.

Að lokum benti RRN á að þessar skýrslur um reikningshald væru í samræmi við skýrsluáðferðir RRN og að styrkþegar hefðu uppfyllt allar skuldbindingar sínar samkvæmt samningunum um úthlutun styrkja. Að mati RRN „er engin ástæða til að ætla að misnotkun á aðstoð hafi átt sér stað nema skýrar vísbendingar komi fram um annað.“

## 5.2 Athugasemdir við athugasemdir þriðju aðila

Með bréfi til umbóta- og stjórnáráðuneytisins dags. 8. janúar 2007 (skjalnr. 405517), sem hafði að geyma bréf menntamálaráðuneytisins dags. 5. janúar 2007, lögðu norsk stjórnvöld fram athugasemdir við athugasemdir þriðju aðila.

Að mati norskra stjórnvalda veita athugasemdirnar um OPTIMAR-verkefnið engar upplýsingar um verkefnið fjögur sem fjallað er um í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 60/06/COL: „Þótt það komi ekki skýrt fram virðist þriðji aðili vera þeirra skoðunar að ólögmet aðstoð hafi verið veitt til að styrkja grunnrannsóknarverkefni sem kallað er „Optimisation in Maritime Transportation and Logistics, OPTIMAR“. Við teljum að svo sé ekki. Til að styðja OPTIMAR-verkefnið fer norskri vísinda- og tækniháskólinn (NTNU) í Þrándheimi fjármagn frá RRN undir verkefnanúmeri 1666S6. Samstarfsaðilar í iðnaði, sem tóku þátt í upphaflegu verkefnum fjórum, taka ekki þátt í þessu grunnrannsóknarverkefni.“

Að því er varðar þá fullyrðingu þriðja aðila að ekkert hinna styrktu fyrirtækja noti Turbo-router telur RRN að jafnvel þótt svo væri teldist það ekki rök fyrir því að um ólögmeta notkun ríkisaðstoðar væri að ræða í tengslum við verkefnið fjögur sem fjallað er um í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 60/06/COL. Eitt megineinkenni rannsókna og þróunarstarfs er að það felur í sér áhættu. Stundum er hægt að nota rannsóknaniðurstöður í rekstri eða í framleiðsluvörur og þjónustustarfsemi, stundum ekki.

## II. MAT

### 1. Ríkisaðstoð

#### 1.1 Ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Til þess að ráðstöfun geti talist ríkisaðstoð verður hún að ívilna ákveðnum fyrirtækjum, vera veitt af ríkisfjármunum, raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli þeirra ríkja sem aðild eiga að EES-samningnum.

Í mati sínu í ákvörðun 60/06/COL komst Eftirlitsstofnun EFTA þegar að þeirri niðurstöðu að styrkirnir sem RRN veitti til verkefna í tengslum við þróun Turbo-router-hugbúnaðarins, sem verið er að skoða, feli í sér ríkisaðstoð. Í þessu tilliti er vísað í undirkafla II.2 í þeirri ákvörðun. Þetta mat hefur hvorki þriðji aðili né norsk stjórnvöld dregið í efa. Því heldur Eftirlitsstofnun EFTA fast við þá skoðun að styrkirnir feli í sér ríkisaðstoð.

## 1.2 *Gildandi lagarammi*

Í ákvörðun 60/06/COL um að hefja formlega rannsókn vegna rannsókn- og þróunaraðstoðar sem RRN veitti í tengslum við Turborouter-hugbúnaðinn útskýrði Eftirlitsstofnun EFTA nákvæmlega hvaða lagarammi gildi fyrir matið á verkefnunum fjórum sem verið væri að rannsaka. Til að auðvelda skilning á eftirfarandi mati gerir stofnunin stutta grein fyrir lagalegri stöðu <sup>(18)</sup> hér að neðan.

Verkefnin fjögur, sem metin eru í þessari ákvörðun, fengu rannsókn- og þróunaraðstoð innan ramma áætlunarinnar um aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs í iðnaði (*bruketstyre forskningsprogrammer*, mál nr. 93-183). Áætlunin um aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs í iðnaði var þegar fyrir hendi fyrir 1994. Með ákvörðun 217/94/COL frá desember 1994 lagði Eftirlitsstofnun EFTA mat á áætlunina um aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs í iðnaði og lagði til viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að aðstoð væri veitt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í 14. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð.

Samþykki norskra stjórnvalda við tillögunni að ráðstöfunum fól í sér að öll styrkveiting samkvæmt áætluninni um aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs í iðnaði varð að vera í samræmi við gildandi reglur um rannsóknir og þróun á þeim tíma þegar Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti ákvörðun 217/94/COL, þ.e. leiðbeiningarnar frá 1994 um aðstoð vegna rannsókna og þróunar <sup>(19)</sup>.

## 1.3 *Mat á verkefnunum á grundvelli áætlunar um aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs í iðnaði*

Þegar formleg rannsókn hófst með ákvörðun 60/06/COL taldi Eftirlitsstofnun EFTA að verkefnin fjögur hefðu fengið rannsókn- og þróunaraðstoð innan ramma áætlunarinnar um aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs í iðnaði. Þessi áætlun var þegar fyrir hendi fyrir 1994. Í kjölfar samþykktar á nýjum leiðbeiningum á sviði rannsókna og þróunarstarfs árið 1994 áttu allir styrkir þaðan í frá á þessu sviði að vera í samræmi við nýju reglurnar. Því taldi Eftirlitsstofnun EFTA að hvers kyns aðstoð, sem veitt væri samkvæmt áætlunum um rannsóknir og þróunarstarf í iðnaði sem ekki væri í samræmi við leiðbeiningarnar frá 1994 um rannsóknir og þróun, ætti samkvæmt skilgreiningu að falla utan gildissviðs áætlunarinnar. Þar af leiðandi teldist ráðstöfunin vera ný sérstök aðstoð sem bæri að tilkynna sérstaklega sem slíka til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Í því sem hér fer á eftir mun Eftirlitsstofnun EFTA meta hvort beiting áætlana um aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs í iðnaði gagnvart verkefnunum fjórum sem tengjast þróun Turborouter-hugbúnaðarins hafi verið í samræmi við ákvæði staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins á grundvelli ákvæðanna í leiðbeiningum um aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs frá 1994.

### 1.3.1 *Verkefni 40049 – Stefnunótandi starfsemi á sviði sjóflutninga og vöruferilsstjórnunar (fyrsta útgáfa Turborouter-hugbúnaðarins)*

Einn hluti verkefnanna sem féll undir verkefnið 40049 „Stefnumótandi starfsemi á sviði sjóflutninga og vöruferilsstjórnunar“ leiddi til þróunar fyrstu útgáfu Turborouter-hugbúnaðarins. RRN flokkaði verkefnið 40049 – Stefnunótandi starfsemi á sviði sjóflutninga og vöruferilsstjórnunar í heild sem iðnrannsóknir.

Grundvallariðnrannsóknir eru skilgreindar í 2. mgr. í lið 14.1. í leiðbeiningunum um aðstoð vegna rannsókna og þróunar sem „fræðilegar frumrannsóknir eða tilraunastarfsemi er hefur það að markmiði sínu að öðlast nýrri og betri skilning á lögmálum vísinda og véltækni eins og þau gilda fyrir atvinnugrein eða starfsemi sérstaks fyrirtækis.“

Þrátt fyrir að Turborouter hafi orðið hugbúnaðartæki sem viðskipti eru höfð með telur Eftirlitsstofnun EFTA að fjármagnið frá RRN, sem úthlutað var til undirverkefnisins „Aðferðir og

<sup>(18)</sup> Sjá nánari útlitun í undirkafla II.1 í ákvörðun 60/06/COL, bls. 11.

<sup>(19)</sup> Í janúar 1994 samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA ákvörðun 4/94/COL um samþykkt og útgáfu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar (Leiðbeiningar um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól). Í 14. kafla er fjallað um aðstoð á sviði rannsókna og þróunar sem í meginatriðum svarar til ramma bandalagsins um ríkisaðstoð á sviði rannsókna og þróunar. Þessi ákvörðun birtist í Stjtið. EB L 231, 3.9.1994, bls. 1–84, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1.



greiningartæki fyrir hönnun og starfsemi samþættra flutninga- og vöruferilskeðja“ í verkefni 40049 sem leiddi til þróunar fyrstu útgáfu Turborouter-hugbúnaðarins, hafi tengst áfanga í rannsókn- og þróunarstarfinu sem teldist vera iðnrannsóknir í skilningi leiðbeininganna um aðstoð vegna rannsókna og þróunar frá 1994. Eins og Eftirlitsstofnun EFTA benti á í ákvörðun 60/06/COL hafi forritið, frá því að fyrsta forritið var þróað í fyrsta áfanga undirverkefnisins snemma árs 1996, verið þróað frekar og síðan sett á markað. Út frá þessari staðreynd virðist þó ekki vera hægt að telja að verkefni 40049, sem leiddi m.a. til þróunar fyrstu útgáfu Turborouter-hugbúnaðarins, sé svo nærri markaðinum að það geti talist vera komið yfir stig iðnrannsókna samkvæmt flokkun RRN. Eftirlitsstofnun EFTA hefur enga ástæðu til að vefengja það mat RRN að undirverkefnið „Aðferðir og greiningartæki fyrir hönnun og starfsemi samþættra flutninga- og vöruferilskeðja“ hafi leitt til nýs og betra skilnings á lögmálum vísinda og vélataekni eins og þau gilda fyrir atvinnugrein og það á við um iðnrannsóknir í skilningi leiðbeininganna um aðstoð vegna rannsókna og þróunar frá 1994.

Verkefnið 40049 fékk fjárstyrk sem iðnrannsóknir frá RRN sem svaraði til 43,8% kostnaðar við verkefnið. Þetta aðstoðarhlutfall er lægra en leyfilegt hámarksaðstoðarhlutfall samkvæmt leiðbeiningunum þar sem kveðið er á um að „aðstoð vegna grunniðnrannsókna ætti ekki að fara fram úr 50% af vergum kostnaði við verkefni eða áætlun“.

Til að reikna út aðstoðarhlutfall vegna rannsókna- og þróunarstarfsemi er kveðið á um eftirfarandi kostnað sem styrkhæfan kostnað í undirkafla 14.5.1 í leiðbeiningunum um aðstoð vegna rannsókna og þróunar frá 1994:

- „– launakostnað (rannsóknarmenn, tæknimenn og aðstoðarfólk) reiknaðan sem summu af þeirri heildarþjárfærð sem þarf við framkvæmd verkefnisins,
- annan rekstrarkostnað reiknaðan á sama hátt (kostnað við hráefni, aðföng o.s. frv.),
- tæki og áhöld, land og byggingar,
- ráðgjafarþjónustu, eða jafngilda þjónustu, þ.m.t. aðkeyptar rannsóknir, tæknipækkingu, einkaleyfi o.s. frv.,
- annan sameiginlegan kostnað sem beinlínis hefur fallið til vegna viðkomandi rannsókn- og þróunarstarfs.“

Samkvæmt upplýsingunum frá norskum stjórnvöldum féll kostnaður við verkefnið, sem tekið var tillit til við ákvörðun á veitingu aðstoðar, undir skilgreininguna á styrkhæfum kostnaði sem kveðið er á um í leiðbeiningunum um aðstoð vegna rannsókna og þróunar frá 1994. Í 3. undirkafla í „Retningslinjur for Norges Forskningsråds behandling av brukerstyrte og næringsrettede prosjekter“ er vísað til kostnaðar sem talið var að gæti fengið stuðning frá RRN við mat á veitingu rannsóknar- og þróunaraðstoðar til verkefnisins. Þetta náði yfir launakostnað (laun og launatengdan kostnað vegna starfsfólks á sviði rannsókna og þróunar, þ.e. rannsóknarmenn, tæknimenn og aðstoðarfólk sem tengdist verkefninu og þyrfti til að annast það), kaup á þjónustu vegna rannsókna og þróunar (ráðgjafarþjónusta og samsvarandi þjónusta), rekstrarkostnað (þ.m.t. efniskostnaður og annar rekstrarkostnaður sem tengist beint verkefninu og sem þyrfti til að hrinda því í framkvæmd) og tæki og áhöld ef þau væru eingöngu notuð í tengslum við rannsóknina og þróunina. Eftirlitsstofnun EFTA telur því að lýsingin á styrkhæfum kostnaði sé í samræmi við skilgreininguna sem kveðið er á um á leiðbeiningunum um aðstoð vegna rannsókna og þróunar frá 1994.

Rannsóknin var alfarið í höndum rannsóknarstofnunarinnar Marintek án frekari þátttöku eða samstarfs við einkafyrirtæki á þessu stigi rannsóknar- og þróunarstarfsins.

Eins og fram kom þegar í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn var, samkvæmt leiðbeiningunum um aðstoð vegna rannsókna og þróunar frá 1994 og samkvæmt ákvæðum áætlunarinnar um aðstoð vegna rannsóknar- og þróunarstarfsemi í iðnaði, engin skrifleg skuldbinding um að miðla rannsóknaniðurstöðum. Þannig að jafnvel þótt fullyrðing kvartanda þess efnis, að rannsóknaniðurstöðum hafi ekki verið miðlað og að rannsóknastofnunin Marintek hefði fengið rétt til að selja forritið, stæðist myndi það ekki brjóta í bága við ákvæði leiðbeininganna um aðstoð vegna rannsókna og þróunar sem giltu þegar aðstoðin var veitt.

Af þessum sökum telur Eftirlitsstofnun EFTA að veiting aðstoðar til verkefnisins 40049 sé innan ramma áætlunarinnar um aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs í iðnaði eins og henni var

breytt á grundvelli 14. kafla leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð vegna rannsókna og þróunar. Því sé aðstoðin veitt í samræmi við staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

### 1.3.2 Verkefnin sem tengjast frekari notkun Turborouter-hugbúnaðarins

#### 1.3.2.1 Efasemdir sem Eftirlitsstofnun EFTA lét í ljós í ákvörðun 60/06/COL

Árið 2000 heimilaði RRN úthlutun á rannsókna- og þróunaraðstoð til þriggja rannsókna- og þróunarverkefna sem vörðuðu notkun og frekari þróun Turborouter-hugbúnaðarins: verkefni 138811 „AlgOpt“, verkefni 144265 „Shiplog II“ og verkefni 144214 „Safn bestunarsteffa fyrir áætlanagerð í sjóflutningum“.

Í ákvörðun 60/06/COL um að hefja formlega rannsókn lét Eftirlitsstofnun EFTA í ljós efasemdir um flokkun rannsókna- og þróunarverkefna sem rannsóknir á forsamkeppnisstigi og um flokkun ólíkra hluta hvers verkefnis innan hvers rannsóknaflokks. Enn fremur dró Eftirlitsstofnun EFTA í efa að aðstoðarhlutföllin væru virt og að fjármögnun verkefnanna væri í samræmi við ákvæði leiðbeininganna um aðstoð vegna rannsókna og þróunar frá 1994 og þar af leiðandi staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA hafði efasemdir um að fjárframlög frá þátttakendum í einkarekstri, sem aðallega átti að veita í fríðu, samræmdust í reynd vinnustundunum sem fóru í þróun á rannsókna- og þróunarverkefnunum eða hvort þau færi þvert á móti í rekstrarkostnað viðkomandi fyrirtækja.

#### 1.3.2.2 Gildandi ákvæði í leiðbeiningunum um aðstoð vegna rannsókna og þróunar

RRN flokkaði öll verkefnin þrjú sem þróunarstarfsemi á forsamkeppnisstigi. Í 2. mgr. í undirkafla 14.1 í leiðbeiningum um aðstoð vegna rannsókna og þróunar frá 1994 er greint á milli þriggja flokka rannsókna: grunnrannsókna, grundvallaratvinnuvegarannsókna og hagnýtra rannsókna og þróunar. Hagnýtar rannsóknir og þróun samsvara floknum um rannsóknastarfsemi á forsamkeppnisstigi sem var notaður frá því að leiðbeiningarnar frá 1996 um aðstoð vegna rannsókna og þróunar voru samþykktar og áfram. Samkvæmt þessu ákvæði er með hagnýtum rannsóknum átt við: „rannsóknir eða tilraunastarfsemi sem er grundvölluð á grunnrannsóknum til að afla nýrrar þekkingar eða auðvelda að ná sérstökum hagnýtum markmiðum, svo sem sköpun á nýjum framleiðsluvörum, framleiðsluáferðum eða þjónustu. Almenn mat má líta svo á að þessum þætti sé lokið við sköpun fyrstu frumgerðarinnar.“ Þróun telst ná til: „vinnu sem grundvölluð er á hagnýtum rannsóknum er hafa það að markmiði að skapa nýjar eða stórlega endurbættar framleiðsluvörur, framleiðsluáferðir eða þjónustu allt að, en ekki að meðtalinni framleiðslunni sjálfri eða viðskiptalegri markaðssetningu.“

Í undirkafla 14.4 í leiðbeiningunum frá 1994 um aðstoð vegna rannsókna og þróunar er kveðið á um leyfileg aðstoðarhlutföll. „Styrkleiki aðstoðar sem hægt er að samþykka er metinn af eftirlitsstofnun EFTA í hverju tilviki fyrir sig. Við matið skal tekið mið af eðli verkefnisins, tæknilegri og fjárhagslegri áhættu svo og heildarstefnu sem tengist samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar, auk þess sem meta skal hversu mikið samkeppni kann að raskast og áhrif á viðskipti milli aðila EES-samningsins. Almenn mat á slíkri áhættu leiðir til þess að eftirlitsstofnun EFTA telur að grundvallaratvinnuvegarannsóknir geti fallið undir viðtækari aðstoð en þær rannsóknir og sú þróunarstarfsemi sem kallast hagnýtar og standa markaðinum nær hvað árangur varðar og gætu því, ef þær væru styrktar, auðveldar leitt til röskunar á samkeppni og viðskiptum“. Leiðbeiningarnar frá 1994 um aðstoð vegna rannsókna og þróunar taka tillit til þessara þátta og kveða á um að fjárhæð aðstoðar fyrir grundvallaratvinnuvegarannsóknir skuli ekki fara fram úr 50 % af brúttókostnaði við verkefnið og ihuga skuli stíglækkandi aðstoð eftir því sem viðkomandi verkefni er nær markaðinum. Það er ekki fyrr en í leiðbeiningunum frá 1996 um aðstoð vegna rannsókna og þróunar sem leyfilegt brúttóhlutfall vegna þróunarstarfsemi á forsamkeppnisstigi er takmarkað við 25% af styrkhæfum kostnaði.

#### 1.3.2.3 Mat á því hvort aðstoðin var veitt í samræmi við leiðbeiningarnar um aðstoð vegna rannsókna og þróunar og hvort aðstoðin var misnotuð

##### a) Flokkun sem þróunarstarfsemi á forsamkeppnisstigi

Eins og fram kemur hér að ofan og útlistað er nánar í ákvörðun 60/06/COL lét Eftirlitsstofnun EFTA í ljós efasemdir að því er varðaði flokkunina á verkefni 138811 „AlgOpt“,

verkefni 144265 „*Shiplog II*“ og verkefni 144214 „*Safn bestunarstefja fyrir áætlanagerð í sjóflutningum*“ sem þróunarstarfsemi á forsamkeppnisstigi.

Í ákvörðun sinni 60/06/COL hafði Eftirlitsstofnun EFTA uppi efasemdir um hvað það væri sem skildi vöru á forsamkeppnisstigi frá endanlegri verslunarvöru að því er varðaði þessar gerðir upplýsingatækniverkefna. Norsk stjórnvöld hafa ekki útskýrt í hverju þessi munur felist. Hins vegar hafa þau lagt áherslu á að flokkun verkefnanna hafi grundvallast á gagngeru mati á þessum verkefnum samkvæmt aðferðum og leiðbeiningum RRN fyrir verkefnamat. Samkvæmt framlögðum upplýsingum taka þessar leiðbeiningar til ákvæða leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð vegna rannsókna og þróunar.

RRN greindi frá því að til væri innra gæðaeftirlitskerfi með starfsemi RRN sem heitir DOKSY. DOKSY nær yfir ýmis konar skjöl leiðbeininga, aðferða og starfsvenja sem fylgt er í RRN. Eitt þessara skjala eru leiðbeiningar um að ákvarða aðstoðarhlutfall valinna verkefna. Þetta innanhússkjal DOKSY-5-6-1-4-IE, sem ber titilinn „Støtteandel etter EØS-bestemmelser“ (aðstoðarhlutfall samkvæmt EES-reglum), samsvarar leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð vegna rannsókna og þróunar. Í þessu skjali eru notaðar skilgreiningar og samsvarandi aðstoðarhlutföll í samræmi við mismunandi stig rannsókna og þróunar í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð vegna rannsókna og þróunar. Mat og flokkun á öllum verkefnum, sem fá aðstoð frá RRN, grundvallast á DOKSY-leiðbeiningunum.

Eftir 1999 hafa öll verkefni, auk DOKSY 5-6-1-4-IE, verið metin með tölvukerfinu „Provis“ sem er lýst í Doksy nr. 5-6-1-2-EE „Projektvurdering i Provis“. Samkvæmt ákvæðum Provis er hvert verkefni metið út frá ellefu mismunandi þáttum <sup>(20)</sup>. Provis gerir ráð fyrir því að ýmsar viðmiðanir eða eiginleikar séu notaðir fyrir hvern þátt til að meta að hve miklu leyti verkefnið samrýmist þessum þáttum. Einn mikilvægasti þátturinn, sem varðar flokkun á rannsóknarflokkum, er viðfangsefni rannsóknarinnar.

Í lýsingunni á leiðbeiningunum um mat á rannsóknarviðfangsefni í Doksy nr. 5-6-1-2-IE er áhersla lögð á að „viðfangsefni rannsóknarinnar gefi vísbendingu um að hve miklu leyti verkefnið leiði til nýrrar þekkingar“. Samkvæmt upplýsingunum frá RRN tengist þessi viðmiðun beint lýsingunni í leiðbeiningunum um rannsóknir og þróun þar sem krafan er að starfsemin „miðist við öflun nýrrar þekkingar“.

RRN hefur upplýst Eftirlitsstofnun EFTA um að gagngert mat hafi farið fram á verkefnum í samræmi við reglur og leiðbeiningar RRN um verkefnamat, nánar til tekið á grundvelli krafanna sem mælt er fyrir um í innanhússkjölum Doksy og Provis í samræmi við leiðbeiningarnar um aðstoð vegna rannsókna og þróunar.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki getað komist að þeirri niðurstöðu á grundvelli upplýsinga, sem fram komu áður en formleg rannsókn hófst og á meðan á henni stóð, að verkefnum hafi verið illa stýrt eða þau rangt metin. Meðan slíkar sannanir liggja ekki fyrir og í ljósi framangreindra starfsvenja og getu fagfólks sem starfar fyrir RRN hefur Eftirlitsstofnun EFTA engan grundvöll fyrir þeirri niðurstöðu að verkefnið hafi verið rangt metin sem rannsóknir á forsamkeppnisstigi.

b) Þátttaka hinna styrktu fyrirtækja og aðstoðarhlutföll

Stjórnvöld í Noregi hafa gert grein fyrir tölum varðandi fjármögnun á verkefnum sem um getur í undirkafla 4.1.2 í þessari ákvörðun.

Í ákvörðun sinni 60/06/COL um að hefja formlega rannsókn lét Eftirlitsstofnun EFTA í ljósi efasemdir um þátttöku fyrirtækjanna sem komu að rannsóknaverkefninu. Að mati stofnunarinnar væri skynsamlegt að líta svo á að mestur hluti starfsins hafi verið í höndum starfsmanna rannsóknastofnunarinnar Marintek sem að meginstefnu til þýddi að þátttaka starfsmanna skipaflutningsfélaganna, sem komu að verkefninu sem endanlegir notendur hugbúnaðarins, tengdist að öllum líkindum því að skilgreina þarfir notenda og/ eða að einhverjum hluta prófunum. Því hefði Eftirlitsstofnun EFTA grun um að tölur um heildarkostnað verkefnisins hefðu verið hækkaðar í því skyni fá meiri fjármögnun.

Norsk stjórnvöld létu Eftirlitsstofnun EFTA í té afrit af kostnaðarskýrslum sem þáttökufyrirtækin þurftu að leggja fyrir RRN þrisvar sinnum á ári með sundurliðuðum kostnaði vegna

<sup>(20)</sup> Í leiðbeiningunum um verkefnið í Provis er tekið mið af nokkrum þáttum: i) almennum gæðum verkefnisins, ii) mati á verkefninu byggðu á mikilvægum viðmiðunum, s.s. hversu mikil nýjung það er, rannsóknarstigi og -viðfangi, alþjóðlegri tengingu, viðskiptavirði, félagsdagfræðilegum áhrifum, iii) áhrifum af styrknum, iv) mikilvægi fyrir áætlunina og samkeppnisvið sem og v) styrkhæfi.

verkefnisins, þ.m.t. staðfesting á viðkomandi einstaklingum, fjöldi vinnustunda hvers einstaklings og kostnaður á klukkustund vegna verkefnisins. Samkvæmt útskýringum norskra stjórnvalda eru þessar skýrslur undirritaðar af þeim einstaklingi sem er í forsvari fyrir verkefnið og undirritaðar af löggiltum endurskoðanda í árslok. Eftirlitsstofnun EFTA hefur enga ástæðu til að vefengja trúverðugleika þessara skýrslna sem liggja til grundvallar þeim fjárhæðum sem hin styrktu fyrirtæki fengu sem aðstoð til rannsókna og þróunar.

Þótt halda mætti því fram að almennt sé æskilegt að koma á ákveðnu eftirliti meðan á framvindu rannsóknaverkefna stendur til þess að ganga úr skugga að áreiðanleika þessara kostnaðarskýrslna, telur Eftirlitsstofnun EFTA að RRN hafi beitt ákvæðum leiðbeininganna frá 1994 um aðstoð vegna rannsókna og þróunar, þar sem ekki er krafist frekara eftirlits, á réttan hátt.

#### 1.4 Niðurstaða

Á grundvelli framangreinds mats telur Eftirlitsstofnun EFTA að aðstoð hafi verið veitt til ofangreindra rannsókna- og þróunarverkefna í samræmi við ákvæði eldra kerfis fyrir aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs í iðnaði sem samrýmdist gildandi leiðbeiningum um aðstoð vegna rannsókna og þróunar. Meðan á formlegri rannsókn stóð gat Eftirlitsstofnun EFTA ekki slegið því föstu að þeir sem fengu rannsókna- og þróunarstyrk vegna verkefnis 138811 „AlgOpt“, verkefnis 144265 „Shiplog II“ og verkefnis 144214 „Safn bestunarstefja fyrir áætlanagerð í sjóflutningum“ hefðu notað aðstoðina þannig að það bryti í bága við kerfið eða staflið c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Þar sem verkefnið fengu aðstoð innan ramma kerfis fyrir aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs í iðnaði en ekki sérstaka aðstoð er ekki nauðsynlegt að meta hvort aðstoðin hefði verið samrýmanleg hefði hún verið veitt utan ramma kerfisins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

##### 1. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur ákveðið að hætta formlegri rannsókn samkvæmt 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókanar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að því er varðar rannsókna- og þróunaraðstoð sem Rannsóknaráð Noregs veitti í tengslum við þróun Turborouter-hugbúnaðarins, sökum þess að hún var veitt í samræmi við gildandi kerfi fyrir áætlanir um aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs í iðnaði í samræmi við staflið c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og leiðbeiningar um ríkisaðstoð vegna rannsókna og þróunar.

##### 2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

##### 3. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 18. apríl 2007

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA,

**Björn T. Grydeland**

forseti

**Kurt Jaeger**

stjórnarmaður

## ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2008/EES/56/03

155/07/COL

frá 3. maí 2007

## um ríkisaðstoð sem er veitt samkvæmt 3. gr. norskra laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN <sup>(1)</sup>með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið <sup>(2)</sup>, einkum 61. til 63. gr. og bókun 26,með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls <sup>(3)</sup>, einkum 24. gr.,

með hliðsjón af 2. mgr. 1. gr. I. hluta og 4. mgr. 4. gr., 6. gr., 5. mgr. 7. gr., 10. gr. og 14. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls,

með hliðsjón af leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA <sup>(4)</sup> um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins,

með hliðsjón af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. í II. hluta bókunar 3 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls,

með hliðsjón af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 225/06/COL frá 19. júlí 2006 um að hefja formlega rannsókn í tengslum við 3. gr. norskra laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts <sup>(5)</sup>,

eftir að hafa leitað eftir athugasemdum stjórnvalda í Noregi og hagsmunaaðila við þessa ákvörðun og að teknu tilliti til athugasemda sem borist hafa frá norskum stjórnvöldum

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

## I. MÁLSATVIK

## 1 Málsmeðferð

Eftirlitsstofnun EFTA barst með bréfi dagsettu 16. október 2003 kvörtun þess efnis að nokkrir sérskólar, sem bjóða sérhæfða þjónustu við atvinnugreinar á hafi úti í samkeppni við kvartanda, njóti ríkisaðstoðar í formi endurgreiðslu innskatts samkvæmt 3. gr. laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts <sup>(6)</sup>. Skólar á vegum sveitarfélaga, sem bjóða tiltekna fræðsluþjónustu sem er undanþegin virðisaukaskatti, í samkeppni við önnur fyrirtæki, fá endurgreiðslu á innskatti af vöru og þjónustu sem er keypt vegna þeirrar þjónustu sem þeir bjóða á viðskiptagrundvelli. Aftur á móti eiga keppinautar þeirra í einkarekstri ekki rétt á slíkri endurgreiðslu. Bréfið barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð 20. október 2003 (skjalnr. 03-7325 A).

Í kjölfar nokkurra bréfaskipta <sup>(7)</sup> upplýsti Eftirlitsstofnun EFTA norsk stjórnvöld, með bréfi dagsettu 19. júlí 2006 (skjalnr. 363440), um að hún hefði ákveðið að hefja formlega rannsókn samkvæmt 4. gr. II hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól í tengslum við 3. gr. norsku laganna um endurgreiðslu virðisaukaskatts, með ákvörðun 225/06/COL.

<sup>(1)</sup> [Á ekki við í íslensku útgáfunni.]

<sup>(2)</sup> Nefnist hér „EES-samningurinn“.

<sup>(3)</sup> Nefnist hér „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“.

<sup>(4)</sup> Leiðbeiningar um beitingu og túlkun á 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í Stjtið. EB L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1. Leiðbeiningum var síðast breytt 7. febrúar 2007. Nefnast hér „leiðbeiningar um ríkisaðstoð“.

<sup>(5)</sup> Birt í Stjtið. ESB C 305, 14.12.2006, og EES-viðbæti nr. 62, 14.12.2006, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Lög nr. 108 frá 12. desember 2003 um endurgreiðslu virðisaukaskatts til sveitastjórna og héraðsstjórna (*Lov om kompensasjon av merverdiavgift for kommuner, fylkeskommuner mv*). Hér á eftir nefnd „Lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts“.

<sup>(7)</sup> Sjá nánari útlitun í ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar 225/06/COL sem birtist í Stjtið. ESB C 305, 14.12.2006.

Norsk stjórnvöld lögðu fram athugasemdir við þessa ákvörðun með bréfi dagsettu 18. september 2006 (skjalnr. 388922).

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 225/06/COL birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 305 hinn 14. desember 2006 og í EES-viðbæti nr. 62 sama dag. Athugasemdir bárust ekki frá öðrum eftir birtinguna.

## 2 Lagarammi um virðisaukaskatt og endurgreiðslu virðisaukaskatts í Noregi

Lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts öðluðust gildi 1. janúar 2004 og höfðu það að markmiði að draga úr samkeppnisröskun sem leiddi af virðisaukaskattslögum.

Virðisaukaskattur er neysluskattur sem hefur í för með sér álagningu skatts sem er í réttu hlutfalli við verð á vöru og þjónustu, óháð því hversu oft viðskipti hafa farið fram á framleiðslu- og dreifingarstigi áður en skatturinn leggst að lokum á neytandann.

Sú meginregla gildir að hverjum þeim, sem stundar verslun eða viðskipti og er skráður greiðandi virðisaukaskatts (hér nefndur „skattskyldur aðili“), ber að reikna og greiða skatt af seldri vöru og þjónustu sem fellur undir virðisaukaskattslög<sup>(8)</sup> og er heimilt draga innskatt á vöru og þjónustu til notkunar í fyrirtæki frá útskatti sem lagður er á selda vöru<sup>(9)</sup>. Þannig eru aðföng allra skattskyldra aðila skattlögð jafnt í virðisaukaskattskerfinu. Það hlutleysi er eitt helsta einkenni kerfisins.

Í 5. gr., 5. gr. a og 5. gr. b í I. kafla virðisaukaskattslaga eru tiltekin viðskipti undanþegin gildissviði laganna: sala af hálfu tiltekinna stofnana, samtaka o.s.frv.<sup>(10)</sup>, sala og útleiga fasteigna eða fasteignaréttinda, framboð á tiltekinni þjónustu, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu og tengdri þjónustu, félagsþjónustu, fræðsluþjónustu, fjármálaþjónustu, þjónustu í tengslum við meðferð opinbers valds, þjónustu í formi aðgangs að leikhúss-, óperu-, listdans-, kvikmynda- og fjölleikahússýningum, sem og sýningum í listasöfnum og minjasöfnum, happdrættisþjónustu, mótuneytisþjónustu í skólum og háskólum o.s.frv.<sup>(11)</sup>.

Af framansögðu leiðir að allir skattskyldir aðilar, sem bjóða vöru og þjónustu sem er undanþegin virðisaukaskattslögum, greiða innskatt við kaup á vöru og þjónustu en geta ekki dregið hann frá skattskuldbindingum sínum vegna þess að í slíkum kaupum er skattskyldi aðilinn endanlegur neytandi.

Af undanþágunni leiðir að þeir, sem bjóða undanþegna vöru og þjónustu, verða að greiða innskatt af þjónustu og vöru sem þeir kaupa eins og þeir væru endanlegir neytendur (án þess að geta lagt útskatt á endanlegan neytanda). Þessi rökrétta afleiðing af undanþágum frá virðisaukaskatti hefur þó leitt til röskunar á öðru stigi. Opinberar stofnanir, rétt eins og samþætt fyrirtæki sem eru undanþegin skatti, hafa þannig hvata til að kaupa eigin framleiðslu<sup>(12)</sup> í stað þess að kaupa vöru eða þjónustu á markaði. Til þess að koma upp kerfi, sem hvetur ekki sérstaklega til þess að framleiða vöru eða þjónustu með eigin aðföngum í stað kaupa utan frá, hafa norsk stjórnvöld samþykkt lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Í 2. gr. laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts eru talin upp öll fyrirtæki sem falla undir löginn:

- a) Sveitar- og fylkisstjórnir sem hafa með höndum starfsemi í sveit eða héraði og þar sem æðsta vald er í höndum sveitarstjórnar, fylkisþings eða einhverrar annarrar stjórnar samkvæmt lögum um sveitarfélög eða sérlögum sem varða sveitarfélög<sup>(13)</sup>

<sup>(8)</sup> 1. mgr. 10. gr. í III. kafla virðisaukaskattslaga. Sjá IV. kafla með hliðsjón af I. kafla virðisaukaskattslaga

<sup>(9)</sup> 21. gr. í VI. kafla virðisaukaskattslaga.

<sup>(10)</sup> Vísað er til 5. gr. virðisaukaskattslaga þar sem sala á vegum tiltekinna stofnana, s.s. safna, leikhúsa og samtaka, sem eru ekki reknaðar í hagnaðarskyni, er undanþegin álagningu virðisaukaskatts. Í 2. mgr. 5. gr. virðisaukaskattslaga er kveðið á um að fjármálaráðuneytinu sé heimilt að gefa út reglugerðir sem takmarki og bæti við ákvæðin í 1. mgr., og mæla fyrir um að fyrirtæki, sem um getur í staflíð f) í 1. mgr., skuli engu að síður reikna og greiða útskatt ef undanþágan leiðir til verulegrar samkeppnisröskunar gagnvart öðrum skráðum fyrirtækjum sem bjóða sambærilega vöru og þjónustu.

<sup>(11)</sup> Sjá 5. gr. b í virðisaukaskattslögum.

<sup>(12)</sup> Kaup á eigin framleiðslu teljast ekki til virðisaukaskattskyldra viðskipta.

<sup>(13)</sup> Lög nr. 107 frá 25. september 1992 um sveitarfélög (*Lov om kommuner og fylkeskommuner*).

- b) Byggðasamlög sem komið er á fót samkvæmt lögum um sveitarfélög eða sérlægum sem varðar sveitarfélög
- c) Einkafyrirtæki og fyrirtæki sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni, að svo miklu leyti sem þau annast lögboðna þjónustu sveitar- eða fylkisstjórna á sviði heilbrigðis-, mennta- eða félagsmála
- d) Dagvistarstofnanir eins og þær eru skilgreindar í 6. gr. laga um dagvistun <sup>(14)</sup>
- e) Samstarfsnefndir sóknarnefnda (*Kirkelig fellestråd*)

Af 3. gr. laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts, með hliðsjón af 2. mgr. 4. gr., leiðir að norska ríkið endurgreiðir innskatt sem skattskyldir aðilar, sem heyra undir lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts, greiða við kaup á vöru og þjónustu af öðrum skattskyldum aðilum og þegar þeir eiga ekki rétt á að draga frá innskatt þar sem þeir eru undanþegnir skatti samkvæmt virðisaukaskattslögum <sup>(15)</sup>.

### 3 Efasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn

Í ákvörðun 225/06/COL um að hefja formlega rannsókn á 3. gr. laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts var það bráðabirgðaafstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að endurgreiðsla innskatts samkvæmt 3. gr. laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts fæli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA taldi að endurgreiðsla samkvæmt lögum um endurgreiðslu virðisaukaskatts væri veitt af ríkinu og þannig væri gengið á ríkisfjármuni. Eftirlitsstofnun EFTA taldi það ekki skipta máli um þetta mat þótt á móti kostnaði vegna endurgreiðslu úr ríkissjóði kynni að koma minni greiðslur til sveitar- og fylkisstjórna sem slíkra.

Eftirlitsstofnun EFTA taldi ennfremur að, að því marki sem norsk stjórnvöld endurgreiða fyrirtækjum, sem ekki þurfa að greiða virðisaukaskatt en falla undir 2. gr. laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts, innskatt við kaup á vöru og þjónustu, þá veiti þau þessum fyrirtækjum fjárhagslegan ávinning.

Í mati sínu á því hvort ráðstöfunin væri sértæk lét Eftirlitsstofnun EFTA í ljós efasemdir um að hægt væri að réttlæta endurgreiðslu virðisaukaskatts, sem hún taldi að miklu leyti sértæka ráðstöfun, með tilliti til eðlis og röklegar uppbyggingar virðisaukaskattkerfisins, þ.e. hvort hún uppfyllti markmiðin með sjálfu virðisaukaskattkerfinu, eða hvort hún fylgdi öðrum markmiðum utan þess. Samkvæmt skýringum norskra stjórnvalda var markmiðið með setningu laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts að hvetja skattskylda aðila, sem heyra undir lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts, til að velja milli eigin framboðs og útvistunar á vöru og þjónustu sem fellur undir virðisaukaskatt. Eftirlitsstofnun EFTA hafði efasemdir um að þetta markmið gæti talist vera í samræmi við eðli og röklega uppbyggingu sjálfs virðisaukaskattkerfisins, þar sem virðisaukaskattur er neysluskattur. Bráðabirgðaálit Eftirlitsstofnunar EFTA var að endurgreiðsla virðisaukaskatts væri ekki hluti af virðisaukaskattkerfinu frá 1970 sem slíku heldur sérstök ráðstöfun sem komið hefði verið á síðar til að ráða bug á tiltekinni samkeppnisröskun sem leiddi af virðisaukaskattkerfinu.

Eftirlitsstofnun EFTA benti á að þótt endurgreiðsla virðisaukaskatts hefði dregið úr samkeppnisröskun hvað varðar innkaup sveitarfélaganna hefði hún leitt til samkeppnisröskunar milli fyrirtækja sem annast sömu starfsemi í atvinnugreinum sem eru undanþegnar virðisaukaskatti.

Eftirlitsstofnun EFTA minnti á að meginreglan væri sú að þeir sem falla undir endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts gætu fengið endurgreiðslu á innskatti samkvæmt skilmálum kerfisins óháð því hvort aðstoð til atvinnurekenda í þessum greinum hefði áhrif á samkeppni. Sumar atvinnugreinanna, sem falla undir lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts, eru að hluta til eða að öllu leyti opnar fyrir samkeppni innan EES. Aðstoð við fyrirtæki í þessum atvinnugreinum getur því haft áhrif á viðskipti milli þeirra sem aðild eiga að EES-samningnum. Eftirlitsstofnun EFTA varð að meta kerfið sem slíkt en ekki beitingu þess gagnvart einstökum atvinnugreinum sem það tekur til. Með hliðsjón af dómafrankvæmd var það bráðabirgðaályktun Eftirlitsstofnunar EFTA að þar eð lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts væru almennt kerfi, sem næði til landsins alls, gætu þau haft áhrif á samkeppni milli samningsaðilanna.

<sup>(14)</sup> Lög nr. 64 frá 17. júní 2005 um dagvistarstofnanir (*Lov om barnehager*).

<sup>(15)</sup> Sjá nánari útlitun á framkvæmd virðisaukaskattkerfisins í Noregi í undirkafla I.2 „Lagarammi um virðisaukaskatt og endurgreiðslu virðisaukaskatts í Noregi“ í ákvörðun 225/06/COL, bls. 2.

Að lokum lét Eftirlitsstofnun EFTA í ljós efasemdir um að endurgreiðsla innskatts gæti talist samrýmast reglum EES-samningsins um ríkisaðstoð á grundvelli einhverrar þeirra undanþágna sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 61. gr. samningsins. Auk þess var það bráðabirgðaálit stofnunarinnar að þótt aðstoð gæti við ákveðnar aðstæður talist samrýmast samningnum á grundvelli undanþágu sem kveðið er á um í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins, nægði það ákvæði ekki til að lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts gætu sem kerfi talist samrýmast samningnum.

#### 4 Athugasemdir norskra stjórnvalda

Með bréfi dagsettu 18. september 2006 (skjalnr. 388922) lögðu norsk stjórnvöld fram athugasemdir við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega rannsókn. Athugasemdirnar skiptust í þrjá hluta samkvæmt því sem hér fer á eftir.

##### 4.1 Rammi um endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts

Norsk stjórnvöld skýrðu frá því að virðisaukaskattur væri almennur skattur sem legðist í aðalatriðum á alla viðskiptastarfsemi sem sneri að framleiðslu og dreifingu á vörum og framboði á þjónustu. Virðisaukaskattur sem leggst á kostnað fæst ekki endurgreiddur nema skattgreiðandinn selji þjónustu sem fellur undir virðisaukaskatt. Samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt er starfsemi á vegum sveitarfélaga ekki virðisaukaskattskyld.

*„Starfsemi sveitarfélaga er að jafnaði utan virðisaukaskattkerfisins. Grundvallarstarfsemi sveitarfélaga, s.s. heilbrigðisþjónusta, fræðsluþjónusta og félagsþjónusta er ekki virðisaukaskattskyld. Atvinnustarfsemi, sem sveitarfélag ræðst í sem „stjórnvald“, fellur utan gildissviðs virðisaukaskattsreglna. Því er virðisaukaskattur, sem sveitarfélög greiða í tengslum við starfsemi sem er undanþegin skatti, eða starfsemi sem ekki skattlögð, óendurkræfur kostnaður. Hægt er að kalla hann „falinn virðisaukaskattskostnað“. Einnig má líta á hann sem frávik í virðisaukaskattkerfinu. Þar sem ætla má að meginregla um hlutleysi gildi um virðisaukaskattkerfið getur meðhöndlun sveitarfélaganna á virðisaukaskatti raskað samkeppni. Þar eð sveitarfélögin geta ekki endurheimt virðisaukaskatt, sem greiddur er af aðföngum sem keypt eru af einkageiranum, getur það leitt til þess að stjórnvöld annist sjálf virðisaukaskattskylda þjónustu í stað þess að gera verksamning um hana við aðila í einkageiranum.“*

Norsk stjórnvöld færðu fram þau rök að með því að endurgreiða sveitarfélögunum innskatt af allri vöru og þjónustu miðaðist almennt endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts að því að skapa jöfn samkeppnisskilyrði fyrir eigin aðföng og þau sem væru útvístuð.

*„Virðisaukaskatturinn mun því ekki lengur raska hvata sveitarfélaga þegar þau velja á milli eigin framleiðslu og kaupa á virðisaukaskattskyldri þjónustu af einkaaðilum. [...] Því má segja að markmiðið með endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts sé hlutleysi.“*

Norsk stjórnvöld lögðu áherslu á það álit, sem þegar kom fram í forrannsókninni, að endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts fæli ekki í sér aðstoð ef um væri að ræða fyrirtæki sem falla undir gildissvið 2. gr. laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Þetta álit grundvallast á því að þegar hinu almenna endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts var komið á árið 2004 var fjárveiting til sveitarfélaga af ríkisfjárlögum lækkuð til jafns við áætlaða fjárhæð endurgreidds innskatts. Því hefur norska ríkið engar tekjur af endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts. Þannig má segja að kerfið fjármagni sig sjálft með því að lækka kostnað eða endurgreiða hann til sveitarfélaganna.

##### 4.2 Ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 1. gr. EES-samningsins

Í bréfinu frá 18. september 2006 létu norsk stjórnvöld í ljós óánægju sína með það mat Eftirlitsstofnunar EFTA að lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts fælu í sér ríkisaðstoð af ástæðum sem greint er frá hér að neðan.

##### *Fjárhagslegur ávinningur*

Norsk stjórnvöld telja að ekki sé rétt að líta svo á að endurgreiðsla virðisaukaskatts feli í sér „ávinning“ sem létti gjöldum af fyrirtækjum sem þau þurfa að jafnaði sjálf að standa undir. Þar



eð sveitarfélögin fjármagna endurgreiðslukerfi virðisaukaskattsins sjálf með lækkun á almennum styrkjum er í reynd engin fjárhagsleg ívilnun veitt. Endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts hefur hvorki í för með sér lækkun á upphæð skatts né neins konar frestun á honum. Þar af leiðandi telja norsk stjórnvöld að rangt sé að bera endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts saman við ráðstafanir sem fela í sér raunverulega lækkun á skattbyrði móttakandans.

#### *Hvort ráðstöfunin er sértæk*

Gildissvið laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts er afmarkað þannig að eingöngu lögaðilar, sem falla undir 2. gr. laganna, geta fengið innskatt af innkaupum endurgreiddan.

Sértæka skattaráðstöfun má þó réttlæta á grundvelli eðlis eða almennrar uppbyggingar skattkerfisins sem um ræðir. Norsk stjórnvöld telja að Eftirlitsstofnun EFTA hafi, með því að staðhæfa að endurgreiðsla virðisaukaskatts sé ekki hluti af virðisaukaskattskerfinu, hafnað röksemd þeirra um að endurgreiðsla virðisaukaskatts geti talist vera í samræmi við eðli og röklega uppbyggingu virðisaukaskattkerfisins. Norsk stjórnvöld andmæltu þessari nálgun og vísuðu í kafla 17B.3.1 og áfram í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð þar sem ýmsar hliðar ólíkra aðferða eru skoðaðar. Þau töldu að réttlæta mætti endurgreiðslu virðisaukaskatts á grundvelli eðlis eða almennrar uppbyggingar umrædds skattkerfis og vísuðu til kafla 17B.3.4 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð, „Beiting reglna um ríkisaðstoð gagnvart ráðstöfunum varðandi beina skattlagningu fyrirtækja“. Grundvallarreglan er að virðisaukaskattkerfið skuli vera hlutlaust og laust við mismunun. Að mati norskra stjórnvalda má því segja að hlutleysi sé innbyggt í sjálft virðisaukaskattkerfið. Hlutleysi, sem er innbyggt í virðisaukaskattkerfið, er einnig markmiðið með endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts. Því telja norsk stjórnvöld að réttmætt sé að telja að endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts sé í samræmi við eðli og röklega uppbyggingu virðisaukaskattkerfisins.

Ennfremur vöktu þau athygli á því að ef hverfa ætti frá endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts í áföngum myndi það aftur leiða til samkeppnisröskunar af völdum virðisaukaskattkerfisins: „*Sú staðreynd að sveitarfélögin geta ekki endurheimt virðisaukaskatt af aðföngum gæti raskað hvata sveitarstjórna þegar þau velja á milli eigin framleiðslu á þjónustu og kaupa á virðisaukaskattskyldri þjónustu af einkaaðilum*“.

Norsk stjórnvöld bentu á að til þess að draga úr samkeppnisröskun af völdum virðisaukaskattkerfisins lagði svonefnd Rattsø-nefnd mat á ýmsar hugsanlegar ráðstafanir áður en hún komst að þeirri niðurstöðu að endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts væri sú sem hentaði best<sup>(16)</sup>. Ein hugsanlegra ráðstafana sem nefndin mat var að rýmka rétt sveitarfélaganna til að draga frá innskatt. Önnur hugsanleg ráðstöfun var að láta sveitarfélögin almennt heyra undir virðisaukaskatt. Rattsø-nefndin valdi ekki þá leið að rýmka rétt sveitarfélaganna til að draga frá innskatt vegna þess að það myndi þýða röskun á virðisaukaskatti sem almennum skatti. Einnig var tekið tillit til þess að þessi ráðstöfun gæti leitt til þrýstings frá öðrum hópum. Né heldur valdi Rattsø-nefndin þá leið að láta sveitarfélögin almennt heyra undir virðisaukaskatt. Meðal annars benti nefndin á að þar sem ýmis þjónusta sveitarfélaganna væri ókeypis vantaði útreikningsgrundvöll fyrir virðisaukaskattinn:

*„Rýmkun á rétti sveitarfélaganna til að draga frá virðisaukaskatt og láta sveitarfélögin almennt heyra undir virðisaukaskatt væri hvort tveggja lausn innan virðisaukaskattkerfisins. Tilgangurinn með þessum ráðstöfunum, að draga úr samkeppnisröskun sem leiðir af virðisaukaskattskerfinu, myndi þó vera nákvæmlega sá sami og liggur að baki virðisaukaskattskerfinu. Ennfremur er í efnahagslegum skilningi enginn munur á endurgreiðslukerfinu og rýmkun á rétti sveitarfélaganna til að draga frá innskatt. Þannig telur ráðuneytið að sjálfur ramminn um endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts hafi enga þýðingu.“*

#### *Áhrif á viðskipti*

Norsk stjórnvöld gagnrýndu mat eftirlitsstofnunarinnar á viðmiðinu um „áhrif á viðskipti“.

*„Í gegnum endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts fá sveitarfélögin fyrst og fremst endurgreiðslu á innskatti af vöru og þjónustu sem keypt er í tengslum við lögboðna starfsemi þeirra. Lögum samkvæmt ber sveitarfélögum að annast ákveðna þjónustu. Þetta á einkum við á sviði mennta-, heil-*

<sup>(16)</sup> *Norges Offentlige Utredninger (NOU) 2003: 3, Merverdiavgiften og kommunene, Konkurransavidringer mellom kommuner og private* (hér á eftir nefnd „Rattsø-skýrslan“).

*brigðis- og félagsmála. Til dæmis á sviði heilbrigðismála eiga sveitarfélögin meðal annars að sjá fyrir almennri lækniþjónustu, hjúkrunarþjónustu, ljósmóðurþjónustu og hjúkrunarheimilum. Á sviði félagsmála eiga þau að sjá fyrir hagnýtum og fjárhagslegum stuðningi við þá sem þess þurfa, t.d. félagslegum íbúðum.“*

*„Samkvæmt 2. og 3. gr. laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts er einnig heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt til sveitarfélaga sem annast aðra starfsemi sem fellur ekki undir lögboðið hlutverk þeirra. Burtséð frá sérstakri menntun, sem staðbundnir fylkisskólar veita, er ráðuneytinu þó ekki kunnugt um nein svið utan gildissviðs virðisaukaskattskerfisins þar sem hugsanlegt er að móttakendur endurgreiðslu virðisaukaskatts veiti þjónustu sína í samkeppni við önnur fyrirtæki innan EES.“*

Því töldu norsk stjórnvöld að í atvinnugreinum, sem eru undanþegnar gildissviði virðisaukaskattslaga, gætu mjög fá fyrirtæki með staðfestu í evrópskum grannlöndum boðið þjónustu í samkeppni við norsk fyrirtæki sem féllu undir lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Ennfremur réðu aðstæður á borð við raunverulega fjarlægð til þjónustuveitanda, tungumálaerfiðleikar og annars konar menningarleg tengsl úrslitum við val á þjónustuveitanda.

Norsk stjórnvöld töldu að til þess að leggja raunverulegt mat á endurgreiðsluferfi virðisaukaskatts með tilliti til viðmiðanna, sem sett eru í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, skipti máli að samkeppni væri mjög lítil milli norskra fyrirtækja og annarra fyrirtækja innan EES í atvinnugreinum sem væru undanþegnar álagningu virðisaukaskatts.

Því álitu norsk stjórnvöld að endurgreiðsla virðisaukaskatts til fyrirtækja í atvinnugreinum, sem væru undanþegnar álagningu virðisaukaskatts, teldist ekki geta haft áhrif á viðskipti milli þeirra ríkja sem aðild eiga að EES-samningnum.

### 4.3 Almennar athugasemdir

Norsk stjórnvöld vísuðu til allmargra ESB-ríkja sem hafa innleitt endurgreiðsluferfi vegna virðisaukaskattskostnaðar í tengslum við starfsemi sveitarfélaga sem ekki er skattskyld eða undanþegin sköttum. Í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Hollandi og Breska konungsríkinu hefur verið komið á fót mismunandi kerfum vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti til sveitarfélaga til þess að koma í veg fyrir samkeppnisröskun þegar stjórnvöld velja milli framboðs á vegum hins opinbera og útboðs almannaþjónustu. Einnig hefur verið komið á fót ýmis konar sambærilegum kerfum í tengslum við endurgreiðslu virðisaukaskatts í Frakklandi, Lúxemborg, Austurríki og Portúgal.

Ennfremur vitnuðu norsk stjórnvöld í Bolkestein sem áður sat í framkvæmdastjórn EB. Í bréfi frá 1. febrúar 2000 til Michel Hansenne (Belgíu), sem hafði leitað álits Evrópuþingsins á því hvort endurgreiðsluferfi virðisaukaskatts í Breska konungsríkinu samrýmdist sjöttu tilskipun um virðisaukaskatt, taldi Bolkestein að endurgreiðsluferfi virðisaukaskatts „væri ekki í andstöðu við sjöttu tilskipun um virðisaukaskatt“ þar sem „það hefði í för með sér hreina fjárhagslega aðgerð milli mismunandi opinberra stofnana og um það gildi viðeigandi innlend stefna um fjármögnun stjórnvalda“.

Bolkestein gerði einnig athugasemd um „hugsanlegt kerfi þar sem írsk stjórnvöld styrktu írsku góðgerðarstarfsemi með fjárhæð sem samsvaraði þeim ófrádráttarbæra virðisaukaskatti sem lagður væri á hana“. Hann sagði að „veiting ríkisstyrkja væri í sjálfu sér í andstöðu við löggjöf Evrópusambandsins á sviði virðisaukaskatts“.

Norsk stjórnvöld viðurkenndu að engin þessara tilvitnana tæki beint á reglum um ríkisaðstoð. Hins vegar töldu þau að svo virtist af þessum tilvitnunum sem endurgreiðsluferfi virðisaukaskatts þyrfti ekki að vera í andstöðu við sjöttu tilskipun um virðisaukaskatt. Að þeirra mati endurspeglaði þetta þá staðreynd að endurgreiðsluferfi virðisaukaskatts væri í samræmi við eðli og röklega uppbyggingu sjálfs virðisaukaskattskerfisins.

## II. MAT

### 1 Ríkisaðstoð

#### 1.1 Inngangur

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

*„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“*

Eftirlitsstofnun EFTA vill á þessu stigi gera fyrirvara um gildissvið matsins sem hér um ræðir. Þessi ákvörðun fjallar ekki um þá ákvörðun norskra stjórnvalda að undanþiggja ákveðin viðskipti gildissviði virðisaukaskattslaga. Hún fjallar eingöngu um endurgreiðslu innskatts sem tiltekni aðilar greiða sem falla undir gildissvið laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Ennfremur vill Eftirlitsstofnun EFTA árétta þrjár athugasemdir sínar sem þegar komu fram í ákvörðun 225/06/COL:

Í fyrsta lagi fellur skattkerfi EFTA-ríkis almennt ekki undir EES-samninginn. Hvert EFTA-ríki útfærir og beitir skattkerfi sínu samkvæmt eigin stefnuvali. Hins vegar getur beiting skattráðstöfunar, s.s. endurgreiðsla innskatts sem kveðið er á um í 3. gr. laga um endurgreiðslu innskatts, haft afleiðingar sem gera það að verkum að hún fellur undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Samkvæmt dómaframkvæmd<sup>(17)</sup> er í 1. mgr. 61. gr. ekki gerður greinarmunur á ráðstöfunum sem fela í sér ríkisíhlutun með vísan til orsaka þeirra eða markmiða heldur eru þær skilgreindar út frá afleiðingum þeirra.

Í öðru lagi er ekki spurt um hvort umrædd ráðstöfun felur í sér ríkisaðstoð nema ef um er að ræða atvinnustarfsemi, þ.e. starfsemi sem felst í því að bjóða vöru og þjónustu á tilteknum markaði<sup>(18)</sup>. Ráðstöfun felur ekki í sér ríkisaðstoð nema hún sé fyrirtækjum til hagsbóta. Að því er varðar beitingu samkeppnisreglnanna tekur hugtakið fyrirtæki til aðila „sem hafa með höndum atvinnustarfsemi óháð því hvaða formlegu stöðu viðkomandi hefur og því hvernig fjármögnuninni er háttáð“<sup>(19)</sup>. Þrátt fyrir að sumir aðilar, sem fá innskatt endurgreiddan, uppfylli ekki skilyrðið um að vera fyrirtæki, er sú staðreynd að sum þeirra, sem fá endurgreiðslu samkvæmt lögum um endurgreiðslu virðisaukaskatts, eru fyrirtæki, fullnægjandi ástæða til þess að meta kerfið sem slíkt með tilliti til ríkisaðstoðar<sup>(20)</sup>.

Í þriðja lagi er unnt að veita opinberu fyrirtæki aðstoð jafnt og einkafyrirtækjum<sup>(21)</sup>. Til þess að opinbert fyrirtæki geti talist aðstoðarþegi þarf það ekki endilega að hafa lögformlega stöðu aðskilda ríkinu. Það að stofnun fellur undir opinberan rétt og er ekki rekin í hagnaðarskyni þýðir ekki endilega að hún sé ekki „fyrirtæki“ í skilningi reglnanna um ríkisaðstoð<sup>(22)</sup>.

Í fjórða lagi vill Eftirlitsstofnun EFTA taka fram, hvað varðar almennar athugasemdir norskra stjórnvalda um að til séu sambærileg kerfi í Evrópusambandinu, að þessi kerfi kunna að vera ólík lögum um endurgreiðslu virðisaukaskatts og að stofnunin hefur tilkynnt framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna þessar athugasemdir norskra stjórnvalda. Samkvæmt dómaframkvæmd þá er auk þess „ekki hægt að réttlæta það að aðildarríki brjóti skuldbindingu sína samkvæmt samningnum á einhvern hátt, að því er varðar bannið sem mælt er fyrir um í 92. gr. á grundvelli þeirrar staðreyndar að annað aðildarríki uppfyllir ekki heldur þessa skuldbindingu“<sup>(23)</sup>.

<sup>(17)</sup> Mál E-6/98 Noregur gegn Eftirlitsstofnun EFTA [1999] Skýrsla EFTA-dómstólsins, 34. mgr., bls. 76. Sameinuð mál E-5/04, E-6/04 og E-7/04 Fesil og Finnjörð, PIL o.fl. og Noregur gegn Eftirlitsstofnun EFTA [2005] Skýrsla EFTA-dómstólsins, 76. mgr., bls. 121. Mál 173/73 Ítalía gegn framkvæmdastjórninni [1974] ECR 709, 13. mgr. og mál C-241/94 Frakkland gegn framkvæmdastjórninni [1996] ECR I-4551, 20. mgr.

<sup>(18)</sup> Sameinuð mál C-180/98 til C-184/98 Pavlov o.fl. [2000] ECR I-6451, 75. mgr.

<sup>(19)</sup> Mál C-41/90 Höfner og Elser [1991] ECR I-1979, 21. mgr.

<sup>(20)</sup> Mál E-2/05 Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi [2005] Skýrsla EFTA-dómstólsins 24. mgr., bls. 202.

<sup>(21)</sup> Mál C-387/92 Banco Exterior de España [1994] ECR I-877, 11. mgr.

<sup>(22)</sup> Mál C-244/94 Fédération Française des Sociétés d'Assurance et a. [1995] ECR I-4013, 21. mgr. og mál 78/76 Steinike & Weinlig [1977] ECR 595, 1. mg.

<sup>(23)</sup> Mál 78/76 Steinike & Weinlig, áður tilvitnað 24. mgr., mál T-214/95 Het Vlaamse Gewest gegn framkvæmdastjórninni [1998] ECR II-717, 54. mgr.

Í því sem hér fer á eftir mun Eftirlitsstofnun EFTA meta hvort lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts uppfylla sem kerfi<sup>(24)</sup> viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og teljist vera ríkisaðstoð.

### 1.2 Ríkisfjármunir

Til þess að aðstoð teljist vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður hún að vera veitt af ríkinu af ríkisfjármunum.

Endurgreiðslan er veitt af ríkinu milliliðalaust og er því veitt af ríkinu af ríkisfjármunum.

Norsk stjórnvöld hafa haldið því fram að endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts feli ekki í sér ríkisaðstoð vegna þess að kerfið fjármagnar sig sjálf. Að þeirra mati fjármagna sveitarfélögin sjálf endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts gegnum lækkun á almennri millifærslu af fjárlögum til sveitarfélaganna. Með því að koma á endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts 2004 voru fjárveitingar til sveitarfélaganna samkvæmt fjárlögum lækkaðar í samræmi við áætlaða fjárhæð endurgreidds innskatts.

Hvað ríkisaðstoð varðar telur Eftirlitsstofnun EFTA það ekki skipta máli hvort fjárhæðin sem sveitarfélögin fá hefur verið lækkuð eða ekki. Það sem skiptir máli er hvort fyrirtækin hafa, í skilningi samkeppnisreglnanna, fengið fjárstuðning frá ríkinu af ríkisfjármunum. Þegar sveitarfélag aðhefst sem fyrirtæki ber að skoða það, með tillit til ríkisaðstoðar, aðskilið sveitarfélaginu sem stjórnvaldi. Þótt á móti kostnaði vegna endurgreiðslu úr ríkissjóði kynni að koma minni greiðslur til sveitar- og fylkisstjórna sem slíkra breytir það ekki þessari niðurstöðu. Endurgreiðsla innskatts er fjármögnuð af ríkisfjárlögum og telst því vera ríkisfjármunir.

Ennfremur er það skilningur Eftirlitsstofnunar EFTA að hvert sveitarfélag fái ekki lækkun á ríkismillifærslu sem samsvarar nákvæmlega þeirri endurgreiðslu virðisaukaskatts sem það móttækur.

### 1.3 Fjárhagslegur ávinningur

Fjárhagsleg aðstoð, sem ríkið veitir fyrirtæki eða sem veitt er af ríkisfjármunum til fyrirtækis og léttir af því kostnaði sem það þyrfti að jafnaði að greiða af eigin fjármunum, telst vera fjárhagslegur ávinningur<sup>(25)</sup>.

Norsk stjórnvöld hafa haldið því fram að endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts feli ekki í sér ávinning vegna þess að kerfið hafi hvorki í för með sér lækkun á skattfjárhæðinni né neina frestun á skatti. Endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts hefur ekki í för með sér neina lækkun á skattbyrði móttakandans.

Eftirlitsstofnun EFTA fellst ekki á þetta sjónarmið. Að hennar mati gera norsk stjórnvöld ekki nauðsynlegan greinarmun á mismunandi sviðum ríkisins, t.d. í þessu máli, ríkinu sem skattyfirvaldi, sveitarfélögunum sem ríkisstofnunum og fyrirtækjum sveitarfélaganna sem aðskildum stofnunum að því er varðar ríkisaðstoð.

Til að ákvarða hvort fjárhagslegur ávinningur hefur verið veittur verður Eftirlitsstofnun EFTA að meta hvort ráðstöfunin léttir þeim kostnaði af aðstoðarþegum sem þeir greiða að jafnaði í viðskiptum sínum. Greiðsla innskatts er rekstrarkostnaður sem tengist innkaupum í venjulegri atvinnustarfsemi fyrirtækja sem fyrirtækið stendur að jafnaði sjálf undir. Að því marki sem norsk stjórnvöld endurgreiða fyrirtækjum, sem falla undir gildissvið 2. gr. laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts, innskatt við kaup á vöru og þjónustu, þá veita þau þessum fyrirtækjum fjárhagslegan ávinning. Þeim er veittur ávinningur vegna þess að rekstrarkostnaðurinn sem þessi fyrirtæki þurfa að greiða er lækkaður í samræmi við upphæð þess endurgreidds innskatts.

Lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts hafa því í för með sér að móttakendur endurgreiðslunnar hafa af henni fjárhagslegan ávinning.

<sup>(24)</sup> Í undirkafla II.2.1 í ákvörðun 225/06/COL var það mat eftirlitsstofnunarinnar að lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts fælu í sér aðstoð. Vísad er í það mat.

<sup>(25)</sup> Sameinuð mál E-5/04, E-6/04 og E-7/04 *Fesil og Finnjford, PIL o.fl. og Noregur gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, áður tilvitnað, 76. mgr. og 78.–79. mgr. Mál C-301/87 *Frakkland gegn framkvæmdastjórninni* [1990] ECR I-307, 41. mgr.

#### 1.4 Hvort ráðstöfunin er sértæk

Til þess að ráðstöfun teljist fela í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður hún að vera sértæk á þann hátt að hún ívilni „ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara“.

Í ákvörðun 225/06/COL taldi Eftirlitsstofnun EFTA að lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts fælu að verulegu leyti í sér sértæka ráðstöfun. Gildissvið laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts er vissulega skilgreint í þá veru að eingöngu skattskyldir aðilar, sem falla undir 2. gr. laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts, geti fengið endurgreiðslu á innskatti við innkaup sín. Ávinningurinn, sem fyrirtæki sem fá innskatt endurgreiddan samkvæmt lögum um endurgreiðslu virðisaukaskatts, hafa, þýðir eftirgjöf á þeirri skuldbindingu sem leiðir af almenna virðisaukaskattskerfinu sem gildir um alla þá sem kaupa vöru og þjónustu.

Samkvæmt dómaframkvæmd dómstólsins er þó hægt að réttlæta sérstaka skattaráðstöfun með vísan til innri uppbyggingar skattkerfisins ef hún samrýmist henni <sup>(26)</sup>. Hvers kyns ráðstöfun sem ætlað er, að hluta til eða að öllu leyti, að létta af fyrirtækjum í tiltekinni atvinnugrein kostnaði, sem leiðir af eðlilegri beitingu almenna kerfisins, felur í sér ríkisaðstoð nema hægt sé að réttlæta slíka undanþágu á grundvelli eðlis eða röklegar uppbyggingar almenna kerfisins <sup>(27)</sup>.

Eftirlitsstofnun EFTA mun meta hvort endurgreiðsla innskatts, sem kveðið er á um í 3. gr. laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts, er í samræmi við röklega uppbyggingu sjálfs virðisaukaskattskerfisins eða hvort hún er í samræmi við önnur markmið utan þess.

Meginmarkmið virðisaukaskattskerfisins er að skattleggja sölu á tiltekinni vöru og þjónustu. Virðisaukaskattur er óbeinn neysluskattur sem lagður er á vöru og þjónustu. Meginreglan er að virðisaukaskattur er reiknaður á öllum sölustigum og við innflutning á vöru og þjónustu erlendis frá. Endanlegur neytandi greiðir virðisauka sem hluta af kaupverði, án þess að eiga rétt á frádrætti.

Þrátt fyrir að virðisaukaskattur sé að meginsteftnu til lagður á alla selda vöru og þjónustu er heimilt að undanþiggja sum viðskipti (og þar af leiðandi án þess að greiða þurfi af þeim innskatt) sem þýðir að sala af því tagi er ekki skattskyld.

Í 5. gr., 5. gr. a og 5. gr. b í I. kafla norsku virðisaukaskattslaganna er veitt undanþága vegna viðskipta á borð við sölu og útleigu fasteigna, framboð á heilbrigðisþjónustu og tengdri þjónustu, félagsþjónustu, fræðsluþjónustu, fjármálaþjónustu o.s.frv. Þeir sem bjóða slíka vöru og þjónustu eru meðhöndlaðir sem endanlegir neytendur með tilliti til virðisaukaskatts, þar sem þeir verða að greiða innskatt án þess að geta dregið frá útskatt. Afleiðing röklegar uppbyggingar þessa kerfis er að innskattur leggst á vörur og þjónustu, sem njóta undanþágu, svo og endanlega neytendur, án þess að unnt sé að draga frá útskatt.

Þessi rökrétta afleiðing virðisaukaskattskerfisins hefur hins vegar leitt til röskunar á öðru stigi, sem norsk stjórnvöld hafa reynt að jafna með innleiðingu laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Af þessu leiðir að hugsunin að baki laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts er að vega upp á móti eðlilegum rökréttum afleiðingum virðisaukaskattskerfisins þegar ákveðin aðföng eru undanþegin. Því er hugsunin að baki laga um endurgreiðslu virðisaukaskatt ekki að skattleggja endanlega neytendur, eins og í almenna virðisaukaskattskerfinu, heldur að létta skatti af tilteknum hópum endanlegra neytenda til að komast hjá samkeppnisröskun hvað varðar eigin framleiðslu og útvistun viðskipta sem falla undir virðisaukaskatt.

Norsk stjórnvöld hafa skýrt frá því að samkvæmt 1. gr. laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts hafi markmiðið með endurgreiðslu innskatts verið að skapa jöfn samkeppnisskilyrði að því er varðar eigin aðföng og útvistun á virðisaukaskattskyldri vöru og þjónustu.

<sup>(26)</sup> Mál E-6/98 *Noregur gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, áður tilvitnað, 38. mgr. Sameinuð mál E-5/04, E-6/04 og E-7/04 *Fesil og Finnjörð, PIL o.fl. og Noregur gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, áður tilvitnað, 84.–85. mgr. Sameinuð mál T-127/99, T-129/99 og T-148/99 *Territorio Histórico de Alava et a gegn framkvæmdastjórninni* [2002] ECR II-1275, 163. mgr., mál C-143/99 *Adria-Wien Pipeline* [2001] ECR I-8365, 42. mgr. Mál T-308/00 *Salzgitter gegn framkvæmdastjórninni* [2004] ECR II-1933 42. mgr. Mál C-172/03 *Wolfgang Heiser* [2005] ECR I-1627, 43. mgr.

<sup>(27)</sup> Mál E-6/98 *Noregur gegn Eftirlitsstofnun EFTA* [1999] EFTA Skýrsla dómstólsins 38. gr., bls. 76 Sameinuð mál E-5/04, E-6/04 og E-7/04 *Fesil og Finnjörð, PIL o.fl. og Noregur gegn Eftirlitsstofnun EFTA*, áður tilvitnað, 76.–89. mgr. Mál 173/73 *Italia gegn framkvæmdastjórninni* [1974] ECR 709, 16. mgr.

Eftirlitsstofnun EFTA telur að endurgreiðslu innskatts, af öðrum ástæðum en fastsett eru í virðisaukaskattkerfinu, sé ekki hægt að réttlæta með markmiðinu að skattleggja tiltekna starfsemi, sem er meginhugsunin að baki virðisaukaskattkerfisins. Markmiðið, sem norsk stjórnvöld leitast við að ná, að skapa jöfn samkeppnisskilyrði milli eigin framleiðslu opinberra stofnana og útvistunar á virðisaukaskattskyldri vöru og þjónustu, telst lofsvert sem slíkt en getur varla talist leiða af eðli og röklegri uppbyggingu sjálfs virðisaukaskattkerfisins. Í þessu samhengi vísar Eftirlitsstofnun EFTA einkum til dómfordæmis í *Heiser* <sup>(28)</sup> en samkvæmt því nægir sú staðreynd ein, að ráðstöfun hafi lofsverðan tilgang, ekki til þess að útiloka að hún flokkist sem aðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins er ekki gerður greinarmunur á ráðstöfunum sem fela í sér ríkisihlutun með vísan til orsaka þeirra eða markmiða heldur eru þær skilgreindar út frá afleiðingum þeirra <sup>(29)</sup>.

Eftirlitsstofnun EFTA horfir ekki fram hjá því að markmið norskra stjórnvalda með innleiðingu laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts hafi verið að skapa hlutleysi við innkaup hins opinbera á virðisaukaskattsskyldri vöru og þjónustu. Þessu hlutleysi má ekki rugla saman við hlutleysið sem er innbyggt í virðisaukaskattkerfið.

Þar sem markmiðið með að skapa jöfn samkeppnisskilyrði milli eigin framleiðslu og útvistunar stjórnvalda á vöru og þjónustu er ekki í samræmi við hugsunina að baki virðisaukaskattkerfinu var aðeins hægt að taka tillit til þessa markmiðs við mat á samrýmanleika viðkomandi ráðstöfunar.

Af framangreindum ástæðum kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að réttlæta endurgreiðslu virðisaukaskatts á grundvelli eðlis og röklegar uppbyggingar virðisaukaskattkerfisins. Hún telst því vera sértæk ráðstöfun.

### 1.5 Rökun á samkeppni

Ráðstöfun verður að raska eða vera til þess fallin að raska samkeppni til þess að falla undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Eingöngu opinberar og einkareknar stofnanir sem falla undir gildissvið 2. gr. laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts geta fengið innskatt endurgreiddan. Þegar þessar stofnanir bjóða þjónustu, sem er undanþegin álagningu virðisaukaskatts, í samkeppni við fyrirtæki sem falla utan gildissviðs 2. gr. laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts verða hin síðarnefndu þó að greiða herra verð við innkaup sín jafnvel þótt þau veiti sambærilega þjónustu. Þrátt fyrir að endurgreiðsla innskatts hafi miðast að því að hamla samkeppnisrökun, sem leiðir af innkaupum sveitarfélaga, hefur hún orðið til þess að raska samkeppni milli stjórnvalda sem annast atvinnustarfsemi og einkafyrirtækja sem annast sömu atvinnustarfsemi í atvinnugreinum sem eru undanþegnar álagningu virðisaukaskatts. Vegna íhlutunar ríkisins verða vörur sem einkaaðilar bjóða því dyrari þótt allir aðrir þættir séu sambærilegir. Þannig raskast samkeppni. Á sviðum þar sem bæði opinberir aðilar og einkaaðilar fá endurgreiðslu myndi aðstoð áfram raska eða vera til þess fallin að raska samkeppni milli innlendra aðila og annarra aðila á EES sem starfa á sama markaði.

Því telur Eftirlitsstofnun EFTA að endurgreiðsla virðisaukaskatts til fyrirtækja, sem framleiða vörur eða bjóða þjónustu sem er undanþegin álagningu virðisaukaskatts, raski samkeppni milli fyrirtækja.

### 1.6 Áhrif á viðskipti

Ríkisaðstoð fellur eingöngu undir 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins að svo miklu leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli ríkjanna sem aðild eiga að EES-samningnum.

Í athugasemdum sínum við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 225/06/COL vefengdu norsk stjórnvöld mat stofnunarinnar á skilyrðinu um áhrif á viðskipti og töldu það ekki byggjast á réttum skilningi á aðstæðum. Að þeirra mati fengju sveitarfélög, gegnum endurgreiðslukerfi virðisaukaskatts, fyrst og fremst endurgreiðslu á innskatti á vöru og þjónustu sem keypt væri vegna lögboðinnar

<sup>(28)</sup> Mál C-172/03 *Wolfgang Heiser*, áður tilvitnað.

<sup>(29)</sup> Mál C-159/01 *Holland gegn framkvæmdastjórninni* [2004] ECR I-4461, 51. mgr.

starfsemi þeirra. Hvað varðar hugsanlega starfsemi á vegum sveitarfélaganna, aðra en lögboðna, gátu norsk stjórnvöld ekki fundið nein svið, sem undanþegin væru álagningu virðisaukaskatt, þar sem móttakendur endurgreiðslu virðisaukaskatts annast þjónustu í samkeppni við önnur fyrirtæki innan EES, að frátöldum sérskólunum sem kærán beinist að. Norsk stjórnvöld telja að mjög fá fyrirtæki með staðfestu í evrópsku grannlöndunum eigi í samkeppni við norsk fyrirtæki sem falla undir lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Eftirlitsstofnun EFTA ítrekar afstöðu sína, sem fram kemur í ákvörðun 225/06/COL, um mat á áhrifum á viðskipti. Stofnunin á að skoða hvort aðstoðarkerfið getur haft áhrif á viðskipti innan EES en ekki að meta raunveruleg áhrif þess<sup>(30)</sup>. Að meginsteftnu til geta allir sem fá virðisaukaskatt endurgreiddan samkvæmt kerfinu fengið endurgreiðslu á innskatti samkvæmt skilmálum kerfisins óháð því hvort aðstoð til tiltekins rekstraraðila hefði áhrif á viðskipti. Í dómaframkvæmd Evrópu-dómstólsins er kveðið á um að „þegar um er að ræða aðstoðarkerfi er framkvæmdastjórninni heimilt að takmarka rannsókn sína við almenna eiginleika umrædds kerfis án þess að þurfa að rannsaka sérhvert tilvik sem það gildir um“<sup>(31)</sup>. EFTA-dómstóllinn hefur einnig fallist á þessa túlkun<sup>(32)</sup>.

Viðmiðunin um áhrif á viðskipti hefur samkvæmt venju verið túlkud á þann veg að almennt telst ráðstöfun fela í sér ríkisaðstoð ef hún getur haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna<sup>(33)</sup>. Jafnvel þótt norsk stjórnvöld hafi rétt fyrir sér í því að eingöngu fáein fyrirtæki innan EES eigi í samkeppni við þá sem fá endurgreiðslu samkvæmt lögum um endurgreiðslu virðisaukaskatts getur aðstoðin engu að síður haft áhrif á viðskipti, þar sem hvorki fjöldi þeirra sem rétt eiga á endurgreiðslu né fjöldi samkeppnisaðila skipta verulegu máli fyrir matið á viðmiðuninni um áhrif á viðskipti í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins<sup>(34)</sup>.

Úthlutun ríkisaðstoðar til fyrirtækis getur leitt til þess að eigin framleiðsla viðhelst eða eykst þannig að tækifærum annarra fyrirtækja til að fara inn á markað viðkomandi EFTA-ríkja fækkar<sup>(35)</sup>. Því fer eðli aðstoðar ekki eftir staðbundnum eða svæðisbundnum eiginleikum þjónustunnar sem er veitt eða umfangi viðkomandi starfsemi<sup>(36)</sup>.

Ekkert lágmark eða hlutfall fyrirfinnst sem segir til um hvenær viðskipti milli sammingsaðila verða ekki fyrir áhrifum<sup>(37)</sup>. Samkvæmt dómaframkvæmd er það frekar svo<sup>(38)</sup> að í hvert sinn sem fjárhagsleg ríkisaðstoð styrkir stöðu fyrirtækis samanborið við fyrirtæki í samkeppni innan EES telst hið síðarnefnda hafa orðið fyrir áhrifum af aðstoðinni.

Í 5. gr. og 5. gr. a í I. kafla virðisaukaskattslaga eru tiltekin viðskipti undanþegin gildissviði þeirra. Ennfremur er í 5. gr. b sömu laga gert ráð fyrir að framboð á tiltekinni þjónustu, m.a. heilbrigðisþjónustu og tengdri þjónustu, félagsþjónustu, fræðsluþjónustu, fjármálaþjónustu, þjónustu er tengist meðferð opinbers valds, þjónustu í formi réttar til að sækja leikhús-, óperu-, listdans-, kvikmyndahús- og fjölleikasýningar, sýningar í lista- og minjasöfnum, happdrættisþjónustu, mötuneytisþjónustu í skólum og háskólum o.s.frv. falli ekki undir lög. Þessi þjónusta er því öll undanþegin álagningu virðisaukaskatts en fellur að meginsteftnu til undir lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts<sup>(39)</sup>. Sum þessara sviða, til að mynda fjármálaþjónusta, mötuneytisþjónusta í skólum og háskólum, tiltekin

<sup>(30)</sup> Mál C-298/00 P *Italia* gegn framkvæmdastjórninni [2004] ECR I-4087, 49. mgr. og mál C-372/97 *Italia* gegn framkvæmdastjórninni [2004] ECR I-3679, 44. mgr.

<sup>(31)</sup> Mál T-171/02 *Regione autonoma della Sardegna* gegn framkvæmdastjórninni [2005] ECR II-2123, 102. mgr. Mál 248/84 *Þýskalend* gegn framkvæmdastjórninni [1987] ECR 4013, 18. mgr. Mál C-75/97 *Belgia* gegn framkvæmdastjórninni [1999] ECR I-3671, 48. mgr., og mál C-278/00 *Grikkland* gegn framkvæmdastjórninni [2004] ECR I-3997, 24. mgr.

<sup>(32)</sup> Mál E-6/98 *Noregur* gegn Eftirlitsstofnun EFTA, áður tilvitnað, 57. mgr. og mál E-2/05 *Eftirlitsstofnun EFTA* gegn Íslandi [2005] Skýrsla EFTA-dómstólsins, 24. mgr., bls. 202.

<sup>(33)</sup> Sameinuð mál T-298/97–T-312/97 e.a. *Alzetta a.o.* gegn framkvæmdastjórninni [2000] ECR II-2319, 76–78. mgr.

<sup>(34)</sup> Mál C-71/04 *Administración del Estado* gegn *Xunta de Galicia* [2005] ECR I-7419, 41. mgr. Mál C-280/00 *Altmark Trans* [2003] ECR I-7747, 81. mgr. Sameinuð mál C-34/01 til C-38/01 *Enirisorse* [2003] ECR I-14243, 28. mgr. Mál C-142/87 *Belgia* gegn framkvæmdastjórninni („*Tubemeuse*“) [1990] ECR I-959, 43. mgr. Sameinuð mál C-278/92 til C-280/92 *Spánn* gegn framkvæmdastjórninni [1994] ECR I-4103, 42. mgr.

<sup>(35)</sup> Mál E-6/98 *Noregur* gegn Eftirlitsstofnun EFTA, áður tilvitnað, 59. mgr. Mál C-303/88 *Italia* gegn framkvæmdastjórninni [1991] ECR I-1433, 27. mgr. Sameinuð mál C-278/92 til C-280/92 *Spánn* gegn framkvæmdastjórninni [1994] ECR I-4103, 40. mgr. Mál C-280/00 *Altmark Trans*, áður tilvitnað, 78. mgr.

<sup>(36)</sup> Mál C-280/00 *Altmark Trans*, áður tilvitnað, 77. mgr. Mál C-172/03 *Wolfgang Heiser* [2005] ECR I-1627, 33. mgr. Mál C-71/04 *Administración del Estado v. Xunta de Galicia* [2005] ECR I-7419, 40. mgr.

<sup>(37)</sup> Mál C-280/00 *Altmark Trans* [2003] ECR I-7747, 81. mgr. Mál C-172/03 *Wolfgang Heiser* [2005] ECR I-1627, 32. mgr.

<sup>(38)</sup> Mál E 6/98 *Noregur* gegn Eftirlitsstofnun EFTA, áður tilvitnað, 59. mgr. Mál 730/79 *Philip Morris* gegn framkvæmdastjórninni [1980] ECR 2671, 11. mgr.

<sup>(39)</sup> Í 4. gr. laga um endurgreiðslu virðisaukaskatt eru settar ákveðnar skorður við möguleikanum á endurgreiðslu.

tannlæknaþjónusta, ýmiss konar fræðsla sem er í boði gegn gjaldi og tiltekin kvikmyndaþjónusta, búa að hluta til eða að öllu leyti við samkeppni alstaðar á EES. Aðstoð við fyrirtæki í atvinnugreinum sem eru opnar fyrir samkeppni getur því haft áhrif á viðskipti milli þeirra ríkja sem aðild eiga að EES-samningnum.

Af þessum ástæðum og að teknu tilliti til dómaframkvæmdar dómstólsins telur Eftirlitsstofnun EFTA að lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts feli í sér almennt endurgreiðslukerfi á landsvísi sem geti haft áhrif á viðskipti milli þeirra ríkja sem aðild eiga að EES-samningnum.

### 1.7 Niðurstaða

Í ljósi framansagðs er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

## 2 Málsmeðferðarkröfur

Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól skal „tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um allar áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda (...). Hlutadeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrir en endanleg niðurstaða liggur fyrir“.

Norsk stjórnvöld tilkynntu Eftirlitsstofnun EFTA ekki lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts fyrir en eftir gildistöku þeirra. Því er það niðurstaða stofnunarinnar að norsk stjórnvöld hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

## 3 Samrýmanleiki aðstoðarinnar

Eftirlitsstofnun EFTA telur að engin undanþágnanna sem um getur í 2. mgr. 61. gr. eigi við í því máli sem hér ræðir.

Að því er varðar beitingu 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins er ekki hægt að meta endurgreiðslu innskatts á grundvelli a-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins þar sem hann á ekki við um nein svæði í Noregi, en samkvæmt honum verða lífskjör að vera óvenju bágborin eða atvinnuleysi mikið. Þessi endurgreiðsla virðist ekki stuðla að því að hrinta í framkvæmd mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum eða ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi ríkis eins og krafist er vegna samrýmanleika á grundvelli b-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Að því er varðar c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins er hægt að telja aðstoð samrýmanlega EES-samningnum ef hún er til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina atvinnulífsins eða ákveðinna efnahagssvæða enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum. Aðstoðarkerfið sem hér um ræðir virðist ekki auðvelda þróun ákveðinna greina atvinnulífsins eða svæða heldur fylgir það því markmiði, eins og norsk stjórnvöld hafa skýrt frá, að koma á jöfnum samkeppnisskilyrðum fyrir virðisaukaskattskylda vöru og þjónustu með tilliti til eigin framboðs og útvistunar á þjónustu í sveitarfélögum.

Eftirlitsstofnun EFTA telur að lækun á rekstrarkostnaði fyrirtækis, s.s. innskatti, feli í sér rekstraraðstoð. Þessi tegund aðstoðar er að meginstefnu til bönnuð. Því telur stofnunin að lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts feli í sér aðstoð sem, eins og staðan er í dag, getur ekki talist samrýmast reglum EES-samningsins um ríkisaðstoð.

Jafnframt minnir Eftirlitsstofnun EFTA á, eins og fram kemur hér að framan, að ekki sé spurt um hvort aðstoð felur í sér ríkisaðstoð nema hún varði atvinnustarfsemi, þ.e. starfsemi sem felur í sér framboð á vöru og þjónustu á tilteknum markaði. Í þessu máli þýðir þetta að svo fremi móttakendur endurgreiðslu samkvæmt kerfinu annist verkefni á sviði opinberrar stjórnsýslu eða uppfylli lögboðnar skyldur, sem ekki fela í sér atvinnustarfsemi, gildir ríkisaðstoðarmatið sem og matið um samrýmanleika ráðstöfunarinnar ekki um þá.



Ennfremur, skv. 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins, gilda ríkisaðstoðarreglurnar ekki um fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu að því marki sem beiting slíkra reglna kemur í veg fyrir að þau geti leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin og svo fremi viðskipti raskist ekki í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum samningsaðilanna.

Að jafnaði hafa ríkin rúma heimild til að skilgreina þjónustu sem flokka má sem þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu. Í þessu tilliti er það hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA að tryggja að ekki séu neinar augljósar villur í skilgreiningunni á þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu. Stofnunin getur ekki í þessu samhengi látið fara fram nákvæmt mat á því hvort allir birgjar í atvinnugreinunum, sem undanþegnar eru álagningu virðisaukaskatts, og sem njóta góðs af endurgreiðslu innskatts, þ.e. sem falla undir aðstoðarkerfið, uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Stofnunin getur eingöngu takmarkað sig við það að benda á að þegar þessi skilyrði eru uppfyllt gæti endurgreiðsla innskatts til tiltekins fyrirtækis eða tiltekins hóps fyrirtækja talist vera ríkisaðstoð sem samrýmist 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts eru ekki takmörkuð á slíkan hátt.

Hinn 28. nóvember 2005 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna ákvörðun um beitingu 2. mgr. 86. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu <sup>(40)</sup>. Þessi ákvörðun var felld inn í EES-samninginn í júlí 2006 <sup>(41)</sup>.

Samkvæmt þessari ákvörðun <sup>(42)</sup> hafa sjúkrahús og fyrirtæki, sem bera ábyrgð á félagslegu húsnæði og falin eru verkefni sem taka til þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, sérstök einkenni sem þarf að taka tillit til. Hversu mikil samkeppnisröskunin er í þessum atvinnugreinum á núverandi stigi þróunar á innri markaðnum er ekki endilega í hlutfalli við veltu og bætur. Því eru sjúkrahús, sem veita lækniþjónustu, m.a. bráðaþjónustu og stoðþjónustu sem tengist beint meginstarfseminni, einkum á sviði rannsókna, eftir því sem við á, og fyrirtæki, sem bera ábyrgð á félagslegu húsnæði fyrir hina efnaminni eða hópa sem eru illa staddir og geta ekki vegna lítillar greiðslugetu fengið húsnæði á markaðskjörum, undanþegin þessari tilkynningu.

